FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

83. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 7. APRÍL 2017



Um 150 manns voru við minningarathöfn í Hveragerði um Mikael Rúnar Jónsson sem lést að kvöldi 1. apríl. „Þetta var kyrrlát og góð stund,“ segir sóknarprestur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Aukin skuldsetning ógnar stöðugleika

**Teikn eru á lofti um aukna skuldsetningu vegna hækkandi fasteignaverðs. Prófessor í hagfræði segir hættu á að fólk sitji uppi með neikvætt eigið fé. Fylgjast þarf með hvort fólk taki út fasteignalán til þess að fjármagna einkaneyslu, eins og gerðist í aðdraganda hrunsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Hætta er á að hátt fasteignaverð leiði til aukinnar skuldsetningar sem gerir heimili og fjármálafyrirtæki viðkvæmari fyrir hugsanlegu bakslagi í þjóðarbúskapnum.

Þetta kemur fram í nýju riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleiki 2017/1, sem kom út í gær. Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir það varhugavert ef skuldsetning eykst og fólk situr uppi með neikvætt eigið fé.

„Menn eru alltaf hræddir við að bóla hlaupi í fasteignaverðið,“ segir Þórólfur og bætir við að ef fólk er með 90 til 100 prósenta lán og búið sé að spenna fasteignaverðið mjög hátt upp geti fólk staðið uppi með neikvætt eigið fé þegar og ef leiðrétting verður á fasteignaverðinu.

Í Fjármálastöðugleika kemur fram að enn sem komið er hafi skuldavöxtur ekki fylgt í kjölfar hækkunar á fasteignaverði. „Hættan er meiri ef verður aukin skuldsetning. Við erum að sjá fyrstu merki þess. Ekki eru skýr merki um aðkallandi kerfishættu, en skýr teikn eru á lofti,“ segir Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika hjá Seðlabankanum.

„Annað atriði sem menn þurfa að hafa auga með er hvort fólk er að taka út lán án þess að vera að kaupa. Það var það sem gerðist fyrir hrun, þá fór fólk í talsverðum mæli að auka lánshlutfall til einkaneyslu, það getur sett í gang eyðsluspíral sem getur ógnað stöðugleika,“ segir Þórólfur.

Þórólfur segir að fjármálastofnanir geti aukið eiginfjárkröfur. Hann bætir þó við að það myndi vissulega gera ungu fólki erfiðara fyrir um fasteignakaup. Það væri hægt að hafa mismunandi eiginfjárkröfur eftir því hvort fólk væri að kaupa í fyrsta eða annað sinn.

saeunn@frettabladid.is

## Starfsmenn fá ekki útborgað

**FJÖLMIÐLAR** Fréttatíminn gefur ekki út blað á morgun. Óljóst er með frekari útgáfu á meðan endurskipulagning á rekstri stendur yfir.

„Hluti starfsfólks á enn eftir að fá greidd laun og er í sárum yfir því og í mjög erfiðri stöðu. Það að fá ekki laun bitnar ekki bara á starfsmönnum heldur fjölskyldum þeirra líka,“ segir Þóra Tómasdóttir, ritstjóri Fréttatímans.

Samkvæmt heimildum hafa tíu starfsmenn ekki fengið greidd laun. Þá hafi Gunnar Smári Egilsson, útgefandi og stærsti eigandi útgáfufélags Fréttatímans, ekki talað við starfsfólk í heila viku. Hann er ekki lengur titlaður ritstjóri og útgefandi í haus blaðsins sem kom út í dag. Hann víkur frá til þess að liðka fyrir endurskipulagningu blaðsins. – þea

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Benedikt Einarsson svarar Kára Stefánssyni. 12

**SPORT** Íslensku stelpurnar unnu í Slóvakíu. 14

**LÍFIÐ** Rakel Guðjónsdóttir stefnir til Los Angeles. 34

**TÍMAMÓT** Ótrúlegur apríl í Bíó Paradís. 18

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **REYKJANES**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Sunnan- og suðvestangola eða kaldi með súld eða rigningu í dag en þurrt að mestu austan til síðdegis. Gengur í hvassa norðaustanátt með norðurströndinni og á Vestfjörðum í kvöld með slyddu eða rigningu. SJÁ SÍÐU 20



Sigurður Ingi Jóhannsson.

# Krefjast svara af Kaupþingi

**VIÐSKIPTI** Seðlabankinn ætlar að kanna hvort stjórn Kaupþings stóð eðlilega að upplýsingagjöf þegar Seðlabankinn seldi bréf í Kaupþingi fyrir 19 milljarða króna. Þetta segir Seðlabankinn í tilefni frétta Fréttablaðsins af því að Seðlabankinn hafi orðið af 4-6 milljörðum þegar bréfin hækkuðu í virði um þriðjung tveimur mánuðum eftir að bankinn seldi þau. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, spurði Bjarna Benediktsson forsætisráðherra út í sölu bréfanna á Alþingi í gær. „Er nýtt Borgunarmál í uppsiglingu?“ spurði Sigurður Ingi. **– jhh**

# Thomas Møller fyrir héraðsdóm

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur Thomas Møller Olsen, sem grunaður er um að hafa ráðið Birnu Brjánsdóttur bana, verður þingfest fyrir héraðsdómi á mánudag. Hann er ákærður fyrir manndráp og stórfellt fíkniefnalagabrot.

Thomasi var birt ákæran í morgun. Gera má ráð fyrir að hann taki formlega afstöðu til ákærunnar við þingfestinguna á mánudag, en hann hefur staðfastlega haldið fram sakleysi sínu við yfirheyrslur.

Thomas hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 18. janúar síðastliðnum, eftir að hafa verið handtekinn í aðgerðum sérsveitarinnar um borð í togaranum Polar Nanoq. Hann er vistaður í fangelsinu á Hólmsheiði.

Gert er ráð fyrir að aðalmeðferð málsins fari fram fyrir sumarfrí dómstólanna, sem hefst í júlí. **– sks**

# Vinir njóta enn vinsælda



**Fullt út úr dyrum** Þættirnir um systkinin Ross, Monicu og hina vinina í New York njóta enn gríðarlegra vinsælda þótt þeir séu komnir svolítið til ára sinna. Fullt var út úr dyrum þegar spurningakeppni um Vini fór fram á Lebowski bar í miðborg Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Garðabær fær Vífilsstaði

**GARÐABÆR** Samkomulag hefur náðst milli ríkissjóðs og Garðabæjar um að síðarnefndi aðilinn kaupi jörðina Vífilsstaði. Um er að ræða alls 202 hektara sem er svæðið í kringum Vífilsstaðaspítala, svæði austan Vífilsstaða (Skyggnir), núverandi golfvallarsvæði GKG, friðland í Vífilsstaðahrauni (Svínahrauni) og Rjúpnahæð á móts við Kjóavelli.

Kaupverðið nemur 558,6 milljónum króna og byggir það á mati á grunnverði landsins sem aðilar stóðu sameiginlega að. Samningurinn gerir ráð fyrir að til viðbótar grunnverði eigi ríkið rétt á 60% hlutdeild í ábata af sölu byggingarréttar á svæðinu verði byggingarmagn aukið umfram það sem gert var ráð fyrir við verðmat landsins.

Undanskildar í samningnum eru allar húseignir ríkisins á Vífilsstöðum en gerðir verða lóðarsamningar um eignirnar. **– jhh**

# Rannsaka hvort neyða átti mennina til kynlífs

**Framburður tveggja manna á þrítugsaldri frá Rúmeníu, sem komu hingað til lands um síðustu helgi, gefur tilefni til að rannsaka hvort þeir hafi verið gerðir út í kynlífsmansal. Mennirnir greina frá ofbeldi og kúgun í öðru landi. Rannsókn lögreglu er á frumstigi og enginn hefur verið handtekinn.**




Mennirnir komu til landsins með flugi um síðustu helgi. Heimildir Fréttablaðsins herma að þeir séu vegabréfslausir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**LÖGREGLUMÁL** Mennirnir tveir frá Rúmeníu, sem lögreglan er nú að rannsaka hvort séu fórnarlamb mansals, gáfu sig fram við Rauða krossinn strax við komuna til landsins. Þeir bera því við að hafa orðið fyrir ofbeldi í öðru landi þar sem þeir voru gerðir út. Framburður mannanna gefur tilefni til að lögregla rannsaki hvort ekki einungis sé um vinnumansalsmál að ræða, heldur einnig kynlífsmansal.

Mennirnir komu til landsins um síðustu helgi frá ótilgreindu landi innan Schengen-svæðisins og leituðu á náðir Rauða krossins. Þeir eru báðir á þrítugsaldri. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hefur enginn verið handtekinn vegna málsins enn sem komið er en lögregla segir að verið sé að reyna að sannreyna sögu mannanna. Mennirnir hafi ekki getað bent á það hver átti að taka á móti þeim hér á landi.

„Í grunninn er grunur um mansal en hvort það er nauðungarvinna eða kynlífsmansal er ekki hægt að staðfesta núna,“ segir Snorri Birgisson, sem fer fyrir mansalsteymi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

> Í grunninn er grunur um mansal en hvort það sé nauðungarvinna eða kynlífsmansal er ekki hægt að staðfesta núna.
>
> Snorri Birgisson lögreglumaður



Heimildir Fréttablaðsins herma að sá sem átti að sækja mennina við komuna til landsins hafi látið sig sig en mennirnir segja að þeir hafi látið sig hverfa annað áður en til kynna við viðkomandi kom.

„Þetta mál er bara alveg á frumstigi. Hverjir, hvar, hvenær og svo framvegis. Við erum að meta frásögn einstaklinganna.“

Undanfarin ár hefur lögreglan haft í nógu að snúast við að rannsaka vinnumansal en minna hefur borið á rannsóknum vegna kynlífsmansals. Fréttablaðið greindi ítarlega frá rannsókn á vinnumansalsmáli innan Félags heyrnarlausra á síðasta ári og mansals hjá undirfyrirtæki IceWear í Vík í Mýrdal.

Samkvæmt áætlun síðustu ríkisstjórnar gegn mansali á Íslandi er mansal sagt vera hagnýting á einstaklingum í kynferðislegum tilgangi, vinnuþrælkun eða refsiverð hagnýting á líkama einstaklings til dæmis með fíkniefnasmygli eða líffærasölu. Einstaklingar eða hópar einstaklinga séu notaðir í ábataskyni með einum eða öðrum hætti.

**snaeros@frettabladid.is**



# FORD FOCUS 5 DYRA

# PÁSKA SPRENGJA!




**-500.000 kr. frá listaverði!**

## + 50% AFSLÁTTUR AF AUKAHLUTUM!

Ford Focus er þekktur fyrir frábæra aksturseiginleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, upphitanlegri framrúðu, á hagstæðu verði og er ódýr í rekstri. Þú upplifir akstursgleði í Focus og páskafríið verður gleðin ein.

Tilboðið gildir til og með 12. apríl. Miðað er við Ford Focus Trend Edition sem til eru á lager og afhendast fyrir páska.

**Komdu og tryggðu þér glænýjan Ford Focus með 500.000 króna afslætti!**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Segja meirihlutann leyna gögnum um ráðningu nýs sviðsstjóra

**STJÓRNSÝSLA** Borgarráð samþykkti í gær að ráða Örnu Schram sem sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Í bókun frá Sjálfstæðismönnum gagnrýna þeir að hafa ekki fengið upplýsingar varðandi ráðningu í starfið, það er matsblöð og greinargerð vegna ráðningarinnar.

„Hingað til hafa borgarfulltrúar fengið slík gögn afhent, óski þeir eftir því. Minnt skal á að borgarráðsmenn hafa skýlausan rétt á upplýsingum varðandi þau mál sem lögð eru fyrir borgarráð á því formi sem þeir óska eftir,“ segja Sjálfstæðismenn í bókun sinni.



**Arna Schram er nýr sviðsstjóri.**

Í bókun meirihlutans kemur fram að starfsumsóknir og mat á umsækjendum snerti viðkvæma persónulega hagi einstaklinga. Því sé heimilt að neita fulltrúum minnihlutans um þessi umbeðnu gögn. Auk þess hafi borgarráðsfulltrúar getað kynnt sér gögnin í tilteknu gagnaherbergi.

„Hingað til hafa borgarráðsmenn átt skýlausan rétt á því að fá afhent þau gögn sem þeir óska eftir vegna afgreiðslu mála í borgarráði. Hefur það gilt jafnt um trúnaðargögn sem önnur gögn,“ segja borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og ítreka að með því að neita þeim um afhendingu umræddra gagna sé tvímælalaust verið að takmarka aðgang borgarráðsmanna að upplýsingum. – **jhh**




**Hitlerlitabókin sem var tekin úr sölu.** NORDICPHOTOS/AFP

## Fjarlægðu Hitlerslitabók

**HOLLAND** Apótekakeðjan Kruidvat í Hollandi hefur tekið litabókina Kleuren op Code úr sölu. Í bókinni mátti finna sögulegar manneskjur.

Ástæðan er sú að í bókinni var börnum, og ef til vill fullorðnum, boðið upp á að lita inn í mynd af Adolf Hitler.

Bókin var framleidd á Indlandi og samkvæmt BBC er ekki vitað hvers vegna þjóðarmorðinginn rataði á síður hennar.

Í viðtali við hollenska fjölmiðla sagði talsmaður útgefandans Trifora að hann grunaði að höfundurinn hafi valið fólk af handahófi og því miður hafi Hitler orðið fyrir valinu.

Kruidvat kveðst ekki hafa tekið eftir myndinni fyrr en foreldrar deildu henni á samfélagsmiðlum og sögðu bókina til skammar. – **þea**

## Vill grænlenska diplómata

**GRÆNLAND** Grænlendingar þurfa að hafa skrifstofu með diplómötum í Reykjavík. Þetta er mat stjórnmálamannsins Vittus Qujaukitsoq, að því er grænlenska útvarpið greinir frá.

Stjórnmálamaðurinn segir samskiptin milli Grænlands og Íslands hafa aukist undanfarin ár. Sendiráð Danmerkur á Íslandi hafi ekki þjónað grænlenskum ríkisborgurum nógu vel, hvorki varðandi túlkaþjónustu né samskipti við ættingja á Grænlandi.

Ummælin lét stjórnmálamaðurinn falla í tengslum við handtöku grænlensku skipverjanna af togaranum Polar Nanoq. – **ibs**

# Efasemdir um jafnlaunavottun innan stjórnarandstöðunnar

**Frumvarp ríkisstjórnarinnar um jafnlaunavottun fær líklega brautargengi á Alþingi þrátt fyrir efasemdaraddir innan stjórnarandstöðunnar. Fulltrúar allra flokka eru sammála um að markmið frumvarpsins sé göfugt.**



**Meirihluta þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um frumvarpið þarf til að það verði samþykkt. Stjórnarandstaðan virðist ekki hörð á móti frumvarpinu svo andstaða nokkurra stjórnarliða skiptir litlu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**STJÓRNMÁL** Frumvarp um jafnlaunavottun fær að öllum líkindum brautargengi á Alþingi þrátt fyrir andstöðu innan stjórnarliðsins. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna eru efins um að frumvarpið nái utan um vandann eða að aðferðafræðin virki yfirhöfuð. Aftur á móti er ekki að merkja harða andstöðu gegn frumvarpinu á meðal stjórnarandstöðunnar.

„Í prinsippinu styðjum við allt sem útrýmir kynbundnum launamun. Við þurfum bara að sjá hvort þetta sé árangursrík leið til þess,“ segir Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Vinstri grænna. Hann situr í allsherjar- og menntamálanefnd sem er líkleg til að fá frumvarpið til skoðunar þótt enn eigi eftir að úthluta því.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tekur undir þetta með Andrési. „Markmiðin eru góð en við erum ekki búin að taka neina afstöðu. Við eigum eftir að skoða hvort þetta nái þeim markmiðum sem verið er að leggja upp með og hvort við munum jafnvel þurfa að leggja til breytingar.“

Nokkrir þingmenn stjórnarliðsins hafa lýst yfir andstöðu við frumvarpið. Það hefur þó lítil sem engin áhrif á framgang þess ef þingmenn stjórnarandstöðunnar eru ekki beinlínis andvígir því. Aðeins meirihluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um frumvarpið þarf til að samþykkja frumvarpið svo það verði að lögum. Það er ekki að heyra á stjórnarandstöðunni að frumvarpið mæti mikilli mótstöðu innan hennar.

Eins og ítarlega hefur verið fjallað um kveður frumvarpið á um það að öll fyrirtæki og stofnanir í landinu með 25 starfsmenn eða fleiri þurfi að undirgangast ferli til að greina kynbundinn launamun innan fyrirtækisins. Þau fyrirtæki sem greiða körlum og konum jöfn laun fyrir sambærilega vinnu fá jafnlaunavottun. Samkvæmt frumvarpinu þurfa fyrirtæki að undirgangast ferlið á þriggja ára fresti en verði frumvarpið að lögum verða þau innleidd í þrepum yfir þriggja ára tímabil þar sem byrjað er á stærstu fyrirtækjunum. Fulltrúar minni fyrirtækja hafa gagnrýnt frumvarpið og sagt það fela í sér óhóflegan kostnað fyrir fyrirtækin og að það sé of íþyngjandi.

> **Í fljóti bragði er markmiðið gott í sjálfu sér en ég hef miklar áhyggjur af framkvæmdinni.**
>
> Smári McCarthy, þingmaður Pírata



Samkvæmt skýrslu á vegum velferðarráðuneytisins frá 2015 er launamunur kynjanna 7,6 prósent hjá vinnumarkaðnum í heild.

Engir af stjórnarandstöðuflokkunum eru búnir að fara markvisst yfir frumvarpið. „Í fljóti bragði er markmiðið gott í sjálfu sér en ég hef miklar áhyggjur af framkvæmdinni,“ segir Smári McCarthy, þingmaður Pírata. „Þegar verið er að ákveða hvaða fyrirtæki hljóti vottun eða ekki hlýtur að þurfa að mæla það út frá ákveðnum mælikvörðum. Ef þeir mælikvarðar eru á þann veg að auðvelt sé fyrir fyrirtæki að fá vottun með einhverjum yfirborðskenndum aðgerðum í stað raunverulegra aðgerða, þá er það vandamál.“

Smári segist hafa áhyggjur af því að ef slíkar glufur verði í frumvarpinu fyrir fyrirtæki þá gæti það frekar viðhaldið launamun kynjanna í stað þess að minnka hann.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, tekur í sama streng. „Við munum ekki fara neitt ómálefnalega inn í þessa umræðu en við viljum fullvissa okkur um að þetta sé besta útfærslan.“ **snaeros@frettabladid.is**






# Týndi málarinn kominn í leitirnar

**MENNING** Eftirgrennslan um málarann sem málaði myndina, sem kom í ljós þegar framkvæmdir við nýjan veitingastað Jamies Oliver á Hótel Borg voru í gangi, hefur borið árangur. Var það þýski listmálarinn Herbert Grosser frá Hamborg sem málaði veggmyndirnar og var Ágúst Lárusson honum til aðstoðar.

Jón Haukur Baldvinsson, einn af forsvarsmönnum Jamie's Italian á Íslandi, fékk bæði Minjavernd og Godd, prófessor við Listaháskólann á Íslandi, til að aðstoða sig við eftirgrennslan um málarann.

Minjavernd gróf upp skjal frá Guðjóni Samúelssyni arkitekt sem sendi meðmælabréf til forsætisráðherra vegna erindis Jóhannesar Jósefssonar, sem lét reisa Hótel Borg, um að láta þýska listmálarann Grosser skreyta salina.

„Ég vissi strax að þetta væri ólíklega eftir Íslending en á þessum tíma var öllu tjaldað til. Við fundum heimildir um opnunina og þar kom þetta fram,“ segir Goddur.



**Jón Haukur stendur við verkið sem þýski listmálarainn Herbert Grosser vann og fannst á Hótel Borg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ég vissi strax að þetta væri ólíklega eftir Íslending en á þessum tíma var öllu tjaldað til.**
>
> Goddur, prófessor við LHÍ



Verkið er í art deco stíl og segir Goddur að það sé gott til þess að vita að eigendur ætli að halda því og jafnvel gera við það. „Það er hægt að laga verkið. Hótel Borg hefur svo sterka sögu og það skiptir máli að gera salinn fallegan. Því er gott að það sé til tilvitnun í hvernig Hótel Borg leit út við opnun.“ – **bb**



F&F
20%
afsláttur
af öllum F&F barnafatnaði
Dagana 30. mars - 9. apríl
Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

# Stóriðja á ekki heima inni í friðlandi í Jökulfjörðum

**UMHVERFISMÁL** „Mér finnst það ekki koma til greina að reisa stóriðju inni í friðlandi, bara engan veginn,“ segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, spurður um hugmyndir um laxeldi í sjókvíum inni á Jökulfjörðum, sem ganga inn úr Ísafjarðardjúpi að norðanverðu.



Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, setti í vikunni stórt spurningarmerki við áform um fiskeldi inni í Jökulfjörðum og í Eyjafirði. Þetta kom fram í viðtali við Kastljós þar sem hún sagði það vekja siðferðislegar spurningar þar sem Jökulfirðirnir og friðlandið Hornstrandir séu „ákveðinn fjársjóður fyrir Vestfirðinga varðandi ferðaþjónustuna“.

Þorgerður sagði í viðtalinu að fiskeldisfyrirtæki þurfi að kunna sér hóf varðandi umsóknir á stöðum sem séu ósnortnir.

„Ég held að ráðherra hafi hitt naglann á höfuðið. Það er þannig ástand núna að menn eru að sækja um allt, til að enginn annar fái það. Svo er hitt að manni hefði aldrei dottið það í hug að menn myndu sækja um leyfi til að ala fisk þarna inni,“ segir Daníel og bætir við að bæjaryfirvöld, ásamt Ferðamálasamtökum Vestfjarða, hafi ályktað um málið á sínum tíma með ótvíræðum hætti.

Hér vísar bæjarstjórinn til fundar bæjarráðs fyrir um réttu ári. Þá skoruðu bæjaryfirvöld á forvera Þorgerðar að sjá til þess að óheimilt verði að stunda fiskeldi í Jökulfjörðum.

Arnarlax hefur sótt um leyfi til að ala 10.000 tonn af laxi á þremur stöðum í Jökulfjörðum, en um það segir Daníel:

„Ég held að það falli ekki að þeirri hugmyndafræði sem flestir íbúar hérna hafa þegar kemur að því svæði. Þetta er eitthvað sem í mínum huga gengur ekki upp, og nægilegt rými fyrir fiskeldi sem er hið besta mál. En ég held að það sé ekki komið að því að menn þurfi að fara inn í Jökulfirðina. Við erum ekki það illa stödd, hvorki hér á Vestfjörðum eða Íslandi,“ segir Daníel.

Landssamband veiðifélaga tók á þessum tíma heils hugar undir þessi sjónarmið bæjarráðsins en taldi um tvískinnung að ræða, þar sem stuðningi er lýst yfir eldi í Ísafjarðardjúpinu sjálfu og spurði bæjarráðið hvort hið sama ætti ekki við um þær laxveiðiár sem falla til sjávar í Djúpinu.

**svavar@frettabladid.is**









## Í reiðskóla í Austurríki



Karl Bretaprins og Kamilla kona hans voru í heimsókn í Austurríki í gær. Þar heimsóttu þau Spænska reiðskólann og Kamilla kynnti sér þennan fallega Lippizzaner-hest. Karl og Kamilla hafa verið á ferð um Evrópu undanfarna daga og var Austurríki síðasti áfangastaðurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Strax varað við nálægð United Silicon við íbúa

**Allt frá upphafi var varað við nálægð verksmiðju United Silicon við byggð í Reykjanesbæ. Engar skýrar reglur eru um fjarlægðir milli iðnaðarsvæða og íbúabyggðar. Verulegt áhyggjuefni, segir Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra.**

**UMHVERFISMÁL** Áhyggjur af nálægð verksmiðju United Silicon í Helguvík við byggðina í Reykjanesbæ komu fram strax þegar skipulagsvinna fyrir verksmiðjuna stóð yfir. Afar lítil mengun var talin myndu stafa frá United Silicon og því ekki nein þörf á þynningarsvæði.

Þetta kom meðal annars fram á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis á miðvikudag, en Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, óskaði sérstaklega eftir opnum fundi nefndarinnar vegna þeirrar umræðu sem hefur verið síðustu misseri um mengun frá fyrirtækinu, ekki síst vegna kröfu íbúa Reykjanesbæjar um aðgerðir. Komu fyrir nefndina umhverfisráðherra, fulltrúar bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og íbúa, forstjóri United Silicon og fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, brást við spurningum Bryndísar Haraldsdóttur, þingkonu Sjálfstæðisflokksins, sem vildi fræðast um álitaefni vegna nálægðar iðnaðarsvæðis við íbúabyggð, eins og í tilfelli Helguvíkur og Reykjanesbæjar. Spurði Bryndís hvort eitthvað í skipulagslögum tæki á fjarlægðarmörkum og ef það væri óljóst hvort ekki væri ástæða til að skoða það sérstaklega. Þá hvort væri ekki ástæða til að banna að mengandi iðnaður væri svo nálægt íbúabyggð. Sigrún sagði að þær reglur sem um þetta gilda sé að finna í hollustuháttareglugerð, en þar segir að íbúðarhúsnæði „skal ekki vera á þynningarsvæði samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

> Það er rétt að þetta er umhugsunarefni, hvort að það ættu að vera einhverjar fjarlægðarreglur.



Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun

„Þarna var ekki talin þörf á þynningarsvæði; þynningarsvæði þýðir að það megi losa mengunarefni umfram mörk. Þarna var ekki talin þörf á því og þau eru ekki til staðar og umhverfismörk gilda. Það er rétt að þetta er umhugsunarefni, hvort það ættu að vera einhverjar fjarlægðarreglur. Þetta var áhyggjuefni í ferlinu og það var bent á það að það væri ansi mikil nálægð. Það er eitthvað fyrir okkur að hugsa um, held ég,“ sagði Sigrún.

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra tók undir orð Sigrúnar um návígi íbúabyggðar við iðnaðarsvæðið. „Þetta er gríðarlegt áhyggjuefni,“ sagði Björt en fram hafði komið á fundinum að aðeins rúmur kílómetri er í beinni loftlínu frá iðnaðarsvæðinu að íbúabyggð í Reykjanesbæ, og þar á meðal til leik- og grunnskóla.

Þegar álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat verksmiðju United Silicon er skoðað kemur þetta skýrt fram, og fjallað var um þetta í Fréttablaðinu í apríl 2014. Þar segir að „hafa beri í huga að tiltölulega skammt er í nyrsta hluta þéttbýlisins í Reykjanesbæ og því brýnt að fylgjast vel með styrk helstu mengunarefna á svæðinu sem og mögulegum afleiddum áhrifum þeirra. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að áætlanir um vöktun verði í starfsleyfi frá upphafi.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá hefur Reykjanesbær breytt aðalskipulagi sínu sem útilokar frekari uppbyggingu mengandi iðnaðarstarfsemi en þegar hefur verið samið um í Helguvík. **svavar@frettabladid.is**










FULLUR GARÐSKÁLI AF NÝJUM PLÖNTUM!

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Íhugar hernaðaraðgerðir gegn al-Assad

**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, telur það á sinni ábyrgð að hefna fyrir efnavopnaárásina á Khan Sheikhoun. Allt að hundrað fórust í árásinni. Varaforsetinn útilokar ekki hernaðaraðgerðir. Utanríkisráðherra Sýrlands segir herinn ekki hafa notað efnavopn.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur upplýst nokkra þingmenn Repúblikana í fulltrúadeildinni um að hann íhugi nú hernaðaraðgerðir í Sýrlandi. Að sögn CNN er ástæðan sú að Trump telur þörf á að svara árásinni á bæinn Khan Sheikhoun sem gerð var í vikunni.

Fjölmiðlar um allan heim hafa greint frá því að saríngasi hafi verið varpað á bæinn úr lofti. Notkun efnavopna er stríðsglæpur. Samtök á borð við Syrian Observatory for Human Rights sem og íbúar bæjarins telja að sýrlenski herinn hafi verið þar að verki en ríkisstjórn Sýrlands neitar því.

Æ greinilegra verður að saríngasi hafi verið beitt. Í gær sögðust starfsmenn Lækna án landamæra hafa meðhöndlað átta fórnarlömb árásarinnar og hefðu einkenni þeirra samræmst einkennum saríngaseitrunar.

Heimildarmaður CNN sagði Trump ekki hafa gert upp hug sinn. Hann reiði sig á dómgreind varnarmálaráðherrans James Mattis.

Þá greindi CNN frá því að heimildarmenn innan varnarmálaráðuneytisins segðu að áætlanir um að ráðast á efnavopnabúr og framleiðslustöðvar Sýrlandshers væru til og að búið sé að kynna ríkisstjórn Trumps áætlanirnar.

Varaforseti Bandaríkjanna, Mike Pence, útilokar ekki hernaðaraðgerðir. „Allir möguleikar eru uppi á borðinu,“ sagði Pence í gær við Fox News. Hann sagði tíma til kominn að Sýrlendingar stæðu við orð sín um að eyða efnavopnabúri sínu líkt og þeir höfðu lofað.

Trump fundaði sjálfur með Abdúlla, konungi Jórdaníu, í Hvíta húsinu. Eftir fundinn var hann berorður.

„Efnavopnaárásin í Sýrlandi var hryllileg. Hún beindist gegn saklausu fólki. Meðal annars konum, ungum börnum og meira að segja fallegum ungbörnum, dauði þeirra var lítilsvirðing við mannkynið,“ sagði Trump.

Þá sagði Trump að aðgerðir Bashars al-Assad Sýrlandsforseta væri ekki hægt að umbera. „Bandaríkin standa með bandamönnum sínum víða um heim og fordæma þessa hryllilegu árás sem og allar hryllilegar árásir svo því sé haldið til haga,“ sagði Trump.

Walid Muallem, utanríkisráðherra Sýrlands, setti í gær fram ákveðin skilyrði fyrir hugsanlegri rannsókn Sameinuðu þjóðanna á árásinni í Khan Sheikhoun. Í viðtali við BBC sagði Muallem að rannsóknin þyrfti að vera ópólitísk, mörg ríki þyrftu að koma að henni og hún þyrfti að hefjast í höfuðborginni Damaskus.

Þá neitaði hann því að Sýrlendingar hefðu nú eða nokkurn tímann notað efnavopn. Ríkisstjórnin myndi nú hugsa málið í samstarfi við bandamenn sína í Rússlandi um hvort þeir muni samþykkja að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fari fram á slíka rannsókn.

Á blaðamannafundi sakaði Muallem uppreisnarmenn sem voru ekki aðilar að vopnahléssamningum um að geyma efnavopn sín í íbúðahverfum. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Árásinni hefur verið mótmælt víða um heim.** NORDICPHOTOS/AFP

**Allir möguleikar eru uppi á borðinu.**


Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna



# Til leigu

## verslunarhúsnæði í nýjum og glæsilegum verslunarkjarna í Vík í Mýrdal.

Rýmið er tilvalið fyrir Apótek eða annan verslunarrekstur og er 250 fm að stærð.

Afhending í júní 2017.

Nánari upplýsingar eru veittar í gegnum netfangið agust@icewear.is

Apótek

# Þörf á skýrari verkferlum

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það þurfa að vera skýrari verkferlar og afgerandi stefna stjórnvalda enda stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar sem hefur rifið efnahaginn upp á rassgatinu undanfarin ár,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG, um ferðaþjónustuna.

Ríkisendurskoðun benti á í nýlegu áliti sínu að margt sé enn óskýrt um skiptingu hlutverka innan ferðamála. Ábyrgð stofnana og afmörkun verkefna innan málaflokksins sé óskýr og Stjórnstöð ferðamála sé falinn hluti verkefna sem lög kveða á um að Ferðamálastofa skuli sinna. Skörun á verkefnum sé augljós þegar kemur að þróunar-, gæða-, skipulags-, markaðs- og kynningarmálum.

„Eins og allir sem hafa fylgst með þá er erfitt að ná utan um þennan málaflokk. Það á ekki að vinna sömu hlutina oft á mismunandi stofnunum,“ bætir hún við.

Í svari aðstoðarmanns Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur ferðamálaráðherra er ekki tekið undir áhyggjur Ríkisendurskoðunar enda hafi verið brugðist við ábendingum í flestum meginatriðum. Um skörunina segir í svarinu: „Þess vegna muni stofnunin hefja forkönnun stjórnsýsluúttektar á stjórnsýslu ferðamála. Sú forkönnun er þegar hafin og hafa embættismenn úr atvinnuvegaráðuneytinu átt fundi með stofnuninni.“

„Landið á að vera í sparifötum fyrir okkur sjálf og fyrir okkar gesti. Það koma flestir til að skoða náttúruna og það er ekki einu sinni búið að taka ákvörðun um salerni,“ segir Lilja. **– bb**

**Það á ekki að vinna sömu hlutina oft á mismunandi stofnunum**


Lilja Rafney Magnúsdóttir alþingismaður

# Látið reyna á alþjóðlegt samstarf um lyfjainnkaup

**HEILBRIGÐISMÁL** Velferðarráðuneytið gerir ráð fyrir að látið verði reyna á alþjóðlegt samstarf um útboð lyfjakaupa á næstu mánuðum. Þetta kom fram í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis í febrúar.

Í svari ráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar kom jafnframt fram að það hefði á undanförnum misserum tekið þátt í norrænu samstarfi um lyfjamál þar sem m.a. hefði verið lögð áhersla á samstarf um verðlagningu og innleiðingu nýrra og dýrra lyfja, útboð og innkaup. Vonast yrði til að þetta samstarf skilaði árangri á árinu.

Með lögum frá því í fyrra um opinber innkaup hefði dregið úr hindrunum sem áður voru í vegi alþjóðlegs samstarfs um útboð lyfjakaupa.

Í skýrslu sinni minnir Ríkisendurskoðun á að heimild til útboðs og innkaupa innan Evrópska efnahagssvæðisins hafi verið fyrir hendi áður en ný lög um opinber innkaup tóku gildi. Breytingarnar sem ráðuneytið vísi nú til að hafi dregið úr hindrunum við alþjóðlegt samstarf felist fyrst og fremst í því að Samkeppniseftirlitið veitir nú álit en ekki staðfestingu á því samkeppnismati sem gera þarf í aðdraganda útboðs. Því ætti að vera hægt að ljúka útboðsferlinu óháð niðurstöðu þess.

Ríkisendurskoðun bendir á að lyfjakostnaður Sjúkratrygginga Íslands hafi verið 15,1 milljarður króna árið 2015. Heilbrigðisstofnanir hafi ótvírætt tækifæri til að draga úr þeim kostnaði með fjölþjóðlegu samstarfi við lyfjaútboð. **– ibs**

TRANSIT

Ford




FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **2.056.000** KR. ÁN VSK
2.550.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **3.016.000** KR. ÁN VSK
3.740.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **3.866.000** KR. ÁN VSK
4.795.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**
**FÁANLEGUR MEÐ FJÓRHJÓLADRIFI**

# #VINSÆLASTIR

**ENN BETRA VERÐ!**
**BÍLAR TIL AFHENDINGAR STRAX!**

Transit eigendur hafa í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford sendibíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda vinnuþjarkar, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Í fyrra var Ford Transit mest seldi sendibíll í heimi.

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu (alltaf heitir á morgnana), spólvörn, brekkubremsu og aksturstölvu.

Brimborg leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við Transit eigendur enda leggja þeir traust sitt á sendibíla frá Ford.

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu í Brimborg og tryggðu þér Transit sendibíl á enn betra verði!***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Rétt ákvörðun



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það er áhyggjuefni hversu útbreidd sú skoðun er að það sé æskilegt að ríkið fari með eignarhald á nánast öllu bankakerfinu. Sú fjárhæð sem ríkið er með bundið sem eigið fé í bönkunum, fyrst og fremst í Landsbankanum og Íslandsbanka, nemur ríflega tuttugu prósentum af landsframleiðslu. Þótt mörgum þyki nóg um þá áhættu sem þessi staða leggur á herðar skattgreiðendum – og er algjört einsdæmi á Vesturlöndum – þá kalla nú sumir eftir því að stjórnvöld bæti enn í og nýti sér forkaupsrétt og leysi til sín Arion banka. Sem betur fer hefur ríkið enga slíka heimild.

Þótt vogunarsjóðirnir sem keyptu Arion banka fari ekki með virkan eignarhlut, að minnsta kosti ekki sem stendur, þá hefur verið kallað eftir því að Fjármálaeftirlitið framkvæmi sem fyrst hæfismat á hinum nýju hluthöfum og að upplýst verði um endanlega eigendur þeirra sjóða sem standa að fjárfestingunni. Þetta eru ekki óeðlilegar kröfur. Meira máli skiptir samt að rýna í fjárfestingastefnu viðkomandi vogunarsjóða heldur en hverjir séu eigendur hlutdeildarskírteina sjóðanna – áhrif þeirra eru lítil sem engin. Á meðan vinna og undirbúningur FME að því að meta hæfi vogunarsjóðanna til að eiga meira en tíu prósenta hlut í bankanum, sem þeir stefna að samhliða því að nýta sér kauprétt síðar á árinu, hafa sjóðirnir fallist á að eignarhlutum þeirra fylgi ekki atkvæðisréttur.

Sjóðirnir eru því í reynd áhrifalausir hluthafar á meðan beðið er niðurstöðu þess hæfismats. Þá ætti flestum einnig að vera ljóst, enda þótt Kaupþing hafi ekki stigið fram og sagt það opinberlega, að félagið er óbeint undir þrýstingi að skrá Arion banka á markað áður en langt um líður og þannig losa um allan hlut sinn í bankanum. Að öðrum kosti mun FME fella niður heimild Kaupþings til að fara með virkan eignarhlut í bankanum í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil og Kaupþing þyrfti sjálft að standast slíkt hæfismat. Ólíklegt er að sú niðurstaða yrði jákvæð.

Fyrirhugað útboð og tvíhliða skráning bankans – á Íslandi og í Svíþjóð – verður prófsteinn á áhuga erlendra fjárfesta, annarra en þeirra sem eru fyrir hluthafar í Kaupþingi. Sú gríðarmikla aukning sem við sjáum í fjárfestingu erlendra verðbréfasjóða í skráðum hlutabréfum á árinu gefur tilefni til að ætla að slíkur áhugi sé sannarlega fyrir hendi. Þeir fjármunir sem fást við sölu á hlut Kaupþings í útboði fara þá að stórum hluta til íslenska ríkisins. Vel heppnað útboð Arion banka gefur ríkinu í framhaldi færi á því að selja 13 prósenta hlut sinn í bankanum á markaði og mun jafnframt ryðja brautina fyrir stjórnvöld til að hefja löngu tímabært söluferli á hlut sínum í Íslandsbanka og Landsbankanum.

Ólíkt því sem má stundum skilja af umræðunni er sala Kaupþings á stórum hlut í Arion banka nákvæmlega í samræmi við þau stöðugleikaskilyrði sem stjórnvöld settu kröfuhöfum. Í stað þess að bankinn væri afhentur ríkinu endurgjaldslaust, sem stóð til boða um tíma, var þess í stað ákveðið að skynsamlegra væri að fela kröfuhöfum það verkefni – og kostnaðinn sem því fylgir – að koma bankanum í verð innan ákveðins tímaramma en um leið tryggja að söluandvirðið færi nánast allt til ríkissjóðs. Það var rétt ákvörðun.

> **Salan á Arion banka er nákvæmlega í samræmi við þau stöðugleikaskilyrði sem stjórnvöld settu kröfuhöfum.**




AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu.
Komið, sjáið og sannfærist.

bílson - VERKSTÆÐIÐ -
Klettháls 9 • Sími 568 1090

Klettháls 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Málskostnaðurinn**

**Eflaust man einhver eftir því þegar upplýst var að seðlabankastjóri og þáverandi formaður bankaráðs létu Seðlabankann greiða málskostnað fyrir bankastjórann án heimildar frá bankaráði. Kostnaðurinn hlaust af máli sem bankastjórinn höfðaði gegn bankanum vegna launaákvæðingar. Hann tapaði málinu fyrir dómi. Haft var á orði að bankaráðsformaðurinn og bankastjórinn hefðu framið umboðssvik, en lögreglan brást ekki við því. Á sama tíma var verið að rannsaka og flytja fjölda umboðssvikamála í réttarkerfinu.**

**Hinn ósnertanlegi**

**Fleiri muna eftir því þegar Landsbankinn seldi ríflegan hlut í Borgun. Síðar kom í ljós að vegna samninga sem Borgun hafði gert, en Landsbankinn kvaðst ekkert vita um, var verðmæti Borgunar meira en áður hafði verið talið. Bankastjórinn tók hatt sinn og staf. Seðlabankinn seldi síðan bréf í Kaupþingi á síðasta ári fyrir 19 milljarða. Nú fréttist að bréfin hefði mátt selja á mun hærra verði vegna samninga sem Seðlabankinn kvaðst ekki hafa vitað af. Fyrrverandi forsætisráðherra hefur líkt málinu við Borgunarmálið. Svo spyrja má hvort krafist verði uppsagnar seðlabankastjórans, eða hvort hann er hinn ósnertanlegi.**

jonhakon@frettabladid.is

# Alþjóðlegur heilbrigðisdagur gegn þunglyndi



Óttar Proppé
heilbrigðisráðherra

Þunglyndi! Tölum um það.“ Þetta eru skilaboð Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) á alþjóðaheilbrigðisdeginum 7. apríl sem að þessu sinni er helgaður þunglyndi og hvernig við getum spornað við þunglyndi og bætt aðstæður þeirra sem við það glíma.

Þunglyndi er ein af meginorsökum vanheilsu fólks og örorku um allan heim. WHO áætlar að yfir 300 milljónir manna eigi við þunglyndi að etja og að hlutfall þunglyndra hafi jafnframt hækkað um rúm 18 prósent á árabilinu 2005 til 2015. Í ljósi þessarar alvarlegu stöðu hefur WHO ákveðið að efna til herferðar sem standa mun í heilt ár, undir yfirskriftinni: „Depression: let's talk.“

Ég mæli með því að við gerum eins og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin leggur til. Tölum um þunglyndi, reynum að sporna við þunglyndi og styðjum þá sem þjást af því til að öðlast betra líf með viðeigandi úrræðum og þjónustu.

Hér á landi hefur margt verið gert til að opna umræðuna um þennan illvíga sjúkdóm sem svo lengi var þolendum og aðstandendum þeirra mikið feimnismál. Það hefur átt sér stað vitundarvakning, sem gerir það að verkum að fólk hefur opnað sig og ræðir nú opinskátt um veikindi sín. Slík umræða eyðir fordómum og opnar jafnframt augu almennings og ráðamanna fyrir því hve mikilvægt er fyrir samfélagið allt að þessi mál séu tekin alvarlega.

Eins og fram kemur í sáttmála ríkisstjórnarinnar og í nýrri fjármálaáætlun hennar er áhersla lögð á að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu, m.a. með fjölgun sálfræðinga í heilsugæslunni og með aðgerðum til að stytta bið eftir þjónustu göngudeildar Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Við búum að því að eiga þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára sem samþykkt var á Alþingi á liðnu ári. Þar eru sett skýr markmið og áætlanir sem fylgja þarf fast eftir. Aukin vellíðan, betri geðheilsa landsmanna og virkari samfélagsþátttaka þeirra sem glíma við geðraskanir til skemmri eða lengri tíma, óháð búsetu, er meginmarkmið þingsályktunarinnar. Að baki slíkri stefnu eigum við öll að geta staðið heilshugar.

> **Eins og fram kemur í sáttmála ríkisstjórnarinnar og í nýrri fjármálaáætlun hennar er áhersla lögð á að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,**
*ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson
*magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kötturinn og greifinn hans

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Það blés ekki byrlega fyrir kattargreyinu sem fátæki malarsonurinn fékk í arf eftir föður sinn. Hinn nýi eigandi var svo sárafátækur að það fyrsta sem honum datt í hug var að slátra kvikindinu og búa til úr skinninu hanska.

Eins og nærri má geta leist kettinum sjálfum engan veginn á þessar hugmyndir. Og þar sem kötturinn var ekki þeirrar gerðar sem tekur örlögum sínum af æðru- og aðgerðarleysi þá tókst honum af miklum sannfæringarþunga að telja sinn nýja eiganda af þessum áformum.

**Kisi fær stígvél**

Það segir eflaust eitthvað um vitsmuni malarasonarins að hann virðist engin fjárhagsleg tækifæri hafa séð í því að halda lífi í ketti sem bjó yfir þeim undraverða eiginleika að kunna að tala mannamál. Kisi þurfti líka að hafa eitthvað vitrænt að segja.

Og malarasonurinn var ekki aðeins blindur á augljós viðskiptatækifæri; hann var líka sérlega kærulaus í fjármálum. Ekki nóg með að hann samþykkti að þyrma kattargreyinu heldur féllst hann líka á að fara út í umtalsverða fjárfestingu í óljósum tilgangi að áeggjan kattarins, því nærri má geta að það hafi kostað skildinginn að láta sérsníða á dýrið stígvél. En það varð malarasyninum til gæfu að örlög hans voru upp frá því ekki á hans eigin valdi, heldur kattarins.

Stígvélaði kötturinn reynist traustsins verður og rúmlega það. Um leið og hann var kominn í stígvélin tók hann til við að framkvæma áætlun sína. Hann byrjaði á því að koma sér rækilega í mjúkinn hjá ríkjandi stjórnvöldum með því að færa konungi ýmiss konar fágætar gjafir og afhendir þær með tilheyrandi fagurgala, smjaðri og skrúðmælgi; og tilkynnti hátíðlega í hvert sinn að gjafirnar væru frá hinum dularfulla greifa af Karabas. Konungur lætur sér vel líka örlæti hins framandi erlenda auðmanns og verður stöðugt forvitnari um hann. Kötturinn sætir svo lagi þegar konungurinn er úti að aka vagni sínum og platar hann til þess að lána hinum grunlausa malarasyni höfðingleg klæði úr sínum eigin fataskáp eftir að hafa falið larfana af eiganda sínum. Svo hefur kötturinn í hótunum við alþýðufólkið í sveitinni og pínir það til þess að halda því fram við konunginn að eigandi og stjórnarherra hinnar fögru sveitar sem hann ríður um sé einmitt hinn örláti greifi sem konunginn þekkir aðeins af afspurn.

Þar sem kostgæfnisathugun konungsins takmarkast við að yfirheyra þetta sama alþýðufólk þá telur hann fullvíst að greifinn af Karabas sé sannarlega sá mikli efnamaður og höfðingi sem sendiboði hans, kötturinn, hafði svo fjálglega lýst.

**Skrúðklæði handa greifanum**

Þannig gerist það að þegar stjórnvöld hitta malarasoninn í fyrsta sinn þá stendur hann frammi fyrir þeim skrúðklæddur á kostnað konungsins, og með köttinn kunnuglega sér við hlið. Eins og gjarnan er siður slyngra ráðgjafa þá gætti stígvélaði kötturinn þess í hvívetna að malarasonurinn hefði aldrei minnstu hugmynd um hina flóknu og úthugsuðu fléttu. Malarasyninum hæfileikalitla má þó telja til tekna að hann virðist hafa búið yfir þeim bráðnauðsynlega eiginleika stjórnmálamannsins að sannfærast samstundis um að dýrðarmyndin sem ráðgjafinn dró upp af honum væri sönn.

Konungurinn verður vitaskuld mjög uppnuminn yfir hinum glæsilega greifa af Karabas og sér í hendi sér að það hljóti að vera mikil viðurkenning fyrir sig og þjóð sína að svo forframaður og dularfullur alþjóðlegur athafnamaður sýni landinu slíkan áhuga. Til þess að tryggja að tækifærið renni nú ekki úr greipum sér þá gerir konungurinn umsvifalaust þá tillögu að greifinn gangi að eiga dóttur sína, prinsessuna, og taki án tafar við hálfu konungsríkinu. Svo segir sagan að kötturinn hafi fengið að launum að fá að vera ráðgjafi konungs og fengið stöku sinnum að skjótast út á músaveiðar.

**Konungurinn verður vitaskuld mjög uppnuminn yfir hinum glæsilega greifa af Karabas og sér í hendi sér að það hljóti að vera mikil viðurkenning fyrir sig og þjóð sína að svo forframaður og dularfullur alþjóðlegur athafnamaður sýni landinu slíkan áhuga.**

**Konungsríki kattarins**

Það hlýtur margt að hafa verið hvíslað í ríkinu eftir að konungurinn ákvað að gefa dóttur sína og hálft ríkið dularfullum greifa frá framandi landi sem enginn hafði áður heyrt um. Kannski hefur einhverjum fundist þessi náungi vera kunnuglegur að sjá. Ef til vill fannst sumum að honum svipaði töluvert til bláfátæks alþýðumanns sem hvarf sporlaust á svipuðum tíma og greifinn birtist skyndilega.

Vera má að sögusagnir hafi verið á kreiki um að greifinn sjálfur væri bara ómerkilegt handbendi hinna raunverulegu valdhafa. Það gæti jafnvel verið að einhverjir hafi haldið því fram fullum fetum að heilinn á bak við þetta allt saman væri köttur greifans. En svona sögur hafa örugglega verið afskrifaðar og þeir sem trúðu þeim taldir vera truflaðir á geðsmunum eða helþjakaðir af öfund og vænisýki.

Þeir sem lesið hafa ævintýrið um stígvélaða köttinn vita hins vegar mætavel að hinn svokallaði greifi hafði enga burði til þess að stjórna hálfu konungdæmi. Ekki getur annað verið en kötturinn hafi sjálfur haldið um alla valdaþræði af sinni aðdáunarverðu list.

**Ævintýrin enn gerast**

Það var ekki fyrr en miklu síðar sem sannleikurinn kom í ljós. Og þá var orðið alltof seint að vinda ofan af því sem löngu var liðið. Vissulega mátti hneykslast á trúgirni konungsins. En margir hafa líkast til huggað sig við að svona sögur yrðu slíkt víti til varnaðar að aldrei aftur féllu yfirvöld svo kylliflöt fyrir innantómri glæsimennsku framandi stórgreifa.

En það vita slyngir klækjakettir að flestir konungar kjósa að trúa því sem best kemur þeim sjálfum og að alltaf er hægt að skapa úr litlu eða engu nýja og glæsilega greifa sem njóta slíkrar frægðar, virðingar og trausts að engum nema rugludöllum dettur í hug að draga í efa myndugleik þeirra og fögur fyrirheit.

Hvernig fór með hinn helminginn af konungdæminu—þann sem ekki var gefinn greifanum af Karabas—fylgdi ekki sögunni um stígvélaða köttinn. En það er auðvitað allt önnur saga og annað ævintýri; og kannski eru þau fleiri—og kannski gerast þau enn.

VORÚTSALA 30%

afsláttur af völdum vörum í verslunum okkar í Smáralind 2. hæð








CORTEFIEL
CORTEFIEL.COM

women'secret
PRETTY, COMFORTABLE & SEXY

SPRINGFIELD
MYSPRINGFIELD.COM

# Ef ætlarðu að svívirða saklausan mann



Benedikt Einarsson
lögmaður

Í Fréttablaðinu á miðvikudaginn síðastliðinn skrifaði Kári Stefánsson enn einn pistilinn þar sem hann beinir spjótum sínum að Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra. Kári byrjar pistil sinn á að hreykja sér af því að hafa í fyrri skrifum sínum dregið Bjarna yfir naglabrettið, gert að honum grín, ásakað um ljóta hluti og gert lítið úr honum. Í stað iðrunar lýsir Kári því næst yfir aðdáun sinni á stillingu Bjarna og langlundargeði yfir níðskrifum hans.

Kári er margbrotinn maður og það er erfitt að átta sig á hvað honum gengur til – hvort hann sé að brýna Bjarna til góðra verka eða hvort hann sé markvisst að reyna að grafa undan trúverðugleika hans. Það er svo sem aukaatriði í sjálfu sér hvaða hvatir liggja að baki skrifunum. Það sem meira máli skiptir eru dylgjurnar sem hann ber á borð. Í pistli sínum tínir Kári til gróusögur í fjórum liðum og óskar eftir því að Bjarni stígi fram og svari þeim opinberlega. Kári gætir sín á því að taka það fram að hann trúi sögunum ekki sjálfur en hann vilji þó fá Bjarna til að bera þær af sér. Mér finnst ólíklegt að Bjarni skemmti skrattanum og svari pistli Kára. Það ætla ég hins vegar að gera.

Það vill nefnilega svo til að í öllum fjórum gróusögunum sem Kári tínir til er vikið með einum eða öðrum hætti að föðurbróður Bjarna, þ.e. föður mínum, Einari Sveinssyni, og viðskiptum sem hann tengist. Mér rennur því blóðið til skyldunnar að leiðrétta það sem þar kemur fram, í þeirri röð sem það var skrifað.

**1.** Í fyrsta lið fjallar Kári um blekkingar S-hópsins við kaup Búnaðarbankans. Þykir honum Bjarni þar ekki hafa verið nógu afgerandi í fordæmingu sinni á þeirri fléttu auk þess sem honum þykir hann ekki nógu áhugasamur um frekari rannsókn á einkavæðingu bankanna. Vísar Kári svo til ónefndra manna sem segja ástæðuna fyrir þessu meinta áhugaleysi Bjarna vera þá að fjölskylda Bjarna „hafi verið á bólakafi í bankaskítnum“ og er í því sambandi vísað til stjórnarsetu föður míns í Íslandsbanka og hvernig „[okkur] tókst að selja [okkur] út úr bankanum nokkrum klukkustundum áður en hann fór á hausinn“.

Það er ekki alveg einfalt að svara áburði Kára um að fjölskylda okkar Bjarna hafi verið „á bólakafi í bankaskítnum“. Til þess hefði Kári mátt vera skýrari. Um aðkomu föður míns að Íslandsbanka/Glitni og brotthvarf hans get ég þó sagt að hann var stjórnarmaður í Íslandsbanka frá 1991, þar af formaður frá 2004. Á aðalfundi bankans í febrúar 2007 var hann endurkjörinn í stjórn og sat áfram sem formaður. Þremur vikum eftir aðalfundinn í febrúar juku FL Group og Baugur/Stoðir við eignarhlut sinn í bankanum og vildu þeir aðilar sem að þeim félögum stóðu taka yfir stjórn bankans. Faðir minn átti ekki samleið með þeim og seldi því hlut sinn um það leyti. Hluthafafundur var svo haldinn í apríl 2007 þar sem hann gekk út úr stjórn og ný stjórn var kjörin. Glitnir var svo tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu einu og hálfu ári síðar, 7. október 2008.

**2.** Í öðrum lið víkur Kári að nýlegum breytingum á eignarhaldi Arion banka og hefur ónefnda aðila fyrir því að meint áhugaleysi Bjarna á eignarhaldi Arion banka megi rekja til þess að fjölskylda Bjarna sé að „undirbúa að kaupa sig inn í bankakerfið öðru sinni, til dæmis með því að láta Borgun kaupa Íslandsbanka með aðkomu lífeyrissjóða“.

Það er makalaust að Kári skuli telja Bjarna þurfa að svara svona þvælu. Í fyrsta lagi eru þetta samhengislausar dylgjur. Í öðru lagi er fjarstæðukennt að láta sér detta í hug að Borgun, sem er að 63,5% í eigu Íslandsbanka, ætli að kaupa Íslandsbanka með aðkomu lífeyrissjóða. Sú hugmynd hefur, svo ég viti til, hvergi verið viðruð.

**3.** Í þriðja lið nefnir Kári sölu Landsbankans á hlutnum í Borgun. Segir hann þá sögu ganga að fyrst hafi stjórnendur Borgunar falast eftir kaupum á hlut bankans án árangurs en síðan þegar frændi Bjarna, faðir minn, hafi bæst í hópinn að þá hafi bankinn verið viljugur að selja og það á gjafverði. Sagan segi jafnframt að frændsemi föður míns og Bjarna hafi verið ástæða fyrir því hvernig að sölunni var staðið.

Það hefur margt verið skrifað og sagt um söluna á Borgun. Þegar fréttir bárust fyrst af sölunni einkenndist umræðan af samsæriskenningum og ásökunum um spillingu. Mikið var gert úr hlut föður míns í kaupendahópnum en félag í hans eigu keypti hlut sem svaraði til u.þ.b. 5% hlutar í Borgun. Nú þegar rykið hefur sest eftir moldviðrið sem þyrlað var upp og staðreyndirnar liggja fyrir þá er öllum ljóst sem málið skoða að Bjarni hafði hvorki aðkomu né vitneskju um fjárfestingu föður míns. Bjarni, þá sem fjármálaráðherra, hafði heldur ekkert um sölu á hlut bankans í Borgun að segja. Ákvörðun um slíkt var einungis á forræði bankastjóra og bankaráðsins. Það hefur enda enginn sem að sölunni kom haldið öðru fram.

Það má hins vegar taka undir gagnrýni á það hvernig Landsbankinn stóð að söluferlinu. Það hvernig að sölunni var staðið var þó alfarið ákvörðun bankans, ekki kaupenda. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis í nóvember 2016 voru vinnubrögð Landsbankans átalin og þá einkum að bankinn skyldi hafa selt tilteknar eignir sínar í lokuðu ferli. Tilgreindi Ríkisendurskoðun þar sérstaklega söluna á hlutnum í Borgun ásamt sölunni á hlutum sínum í Vestia, Promens, Icelandic Group og Valitor svo dæmi séu nefnd. Eins og þekkt er fór svo að Bankasýsla ríkisins gerði breytingar á stjórn bankans og bankastjóranum var sagt upp störfum.

Hvað snýr að kaupverði hlutanna í Borgun þá hafði hvorki ég né faðir minn neina aðkomu að samningaviðræðum við bankann. Í október 2014 fengum við kynningu hjá forsvarsmanni fjárfestahópsins þar sem okkur var kynnt verkefnið, en undirbúningur kaupanna hafði þá staðið yfir frá því í mars sama ár. Á þeim tíma sem við fengum kynninguna lá verðið og kaupsamningur fyrir og beðið var endanlegrar staðfestingar bankaráðs. Fjárfestahópurinn var á þessum tíma enn í mótun og faðir minn var beðinn um að taka þátt í kaupunum, sem og hann gerði.

**4.** Í fjórða og síðasta liðnum fjallar Kári um rútufélagið Kynnisferðir. Segir Kári þá sögu ganga að ekkert rútufyrirtæki hafi notið meiri undanþágu frá fullum virðisaukaskatti en „þessi gullmoli fjölskyldu [Bjarna]“.

Kári heldur því næst fram að Kynnisferðir hafi einkaleyfi á akstri flugrútunnar og að sagan segi að þetta einkaleyfi hafi fengist hjá Isavia þar sem „náinn vinur fjölskyldu [Bjarna]“, Ingimundur Sigurpálsson, er stjórnarformaður.

> **Kári er margbrotinn maður og það er erfitt að átta sig á hvað honum gengur til – hvort hann sé að brýna Bjarna til góðra verka eða hvort hann sé markvisst að reyna að grafa undan trúverðugleika hans. Það er svo sem aukaatriði í sjálfu sér hvaða hvatir liggja að baki skrifunum. Það sem meira máli skiptir eru dylgjurnar sem hann ber á borð.**

Þessum dylgjum er auðsvarað. Það er rangt sem Kári heldur fram að einkaleyfi sé á akstri flugrútunnar. Sérleyfi á akstri flugrútunnar var við lýði þar til það var afnumið árið 2011 og í kjölfarið fór annað rútufyrirtæki, Allrahanda, að bjóða upp á akstur á sömu leið í beinni samkeppni við Kynnisferðir. Flugrútan og önnur ferðaþjónusta, nema hótel og bílaleigur, var undanþegin virðisaukaskatti þar til 1. janúar 2016 þegar sú starfsemi var sett í 11% virðisaukaskattþrepið. Þegar sú skattskylda var innleidd var Bjarni nokkur Benediktsson fjármálaráðherra. Það er því fjarri lagi að Kynnisferðir hafi notið forréttinda umfram aðra í ferðaþjónustu.

### Það er viðeigandi að ljúka þessari yfirferð með ljóði eftir Pál J. Árdal.

*Ef ætlarðu að svívirða saklausan mann,*
*þá segðu aldrei ákveðnar skammir um hann,*
*en láttu það svona í veðrinu vaka,*
*þú vitir, að hann hafi unnið til saka.*

*En biðji þig einhver að sanna þá sök,*
*þá segðu að til séu nægileg rök,*
*en náungans bresti þú helst viljir hylja,*
*það hljóti hver sannkristinn maður að skilja,*

*og gakktu nú svona frá manni til manns,*
*uns mannorð er drepið og virðingin hans,*
*og hann er í lyginnar helgreipar seldur,*
*og hrakinn og vinlaus í ógæfu felldur,*

*en þegar svo allir hann elta og smá,*
*með ánægju getur þú dregið þig frá,*
*og láttu þá helst eins og verja hann viljir,*
*þótt vitir hans bresti og sökina skiljir.*

*Og segðu hann brotlegur sannlega er*
*en syndugir aumingja menn erum vér,*
*því umburðarlyndið við seka oss sæmir,*
*en sekt þessa vesalings faðirinn dæmir.*

*Svo leggðu með andakt að hjartanu hönd,*
*með hangandi munnvikjum varpaðu önd,*
*og skotraðu augum að upphimins ranni,*
*sem æskir þú vægðar þeim brotlega manni.*

*Já, hafir þú öll þessi happsælu ráð,*
*ég held þínum vilja þú fáir náð,*
*og maðurinn sýkn verði meiddur og smáður,*
*en máske að þú hafir kunnað þau áður.*



**Aðalfundur**
**Félags íslenskra félagsliða**

Fimmtudaginn 27. apríl 2017 verður aðalfundur Félags íslenskra félagsliða haldinn í húsi BSRB, Grettisgötu 89, 1. hæð. Fundurinn byrjar kl. 17:00

**Aðalfundur 2017 – fundarefni:**
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla formanns
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga
4. Ákvörðun um árgjald
5. Kosning stjórnar
6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
7. Önnur mál

**Félagsmenn eru hvattir til að mæta.**
*Stjórn Félags íslenskra félagsmanna.*









GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Gerpla vann þrefalt í Höllinni í gærkvöldi



Tilþrif í lagi Gerpla vann þrefalt á Íslandsmótinu í hópfimleikum sem fór fram í Laugardalshöllinni í gær. Stjarnan var talin sigurstranglegust í kvennaflokki en meiðsli Guðrúnar Georgsdóttur settu strik í reikning Garðbæinga. Stjarnan varð hlutskörpust á trampólíni og gólfi en Gerpla á dýnu. Gerpla hafði svo betur í heildina og fékk 54.750 stig. Gerpla vann einnig sigur í karlaflokki og flokki blandaðra liða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Markmiðin náðust í Slóvakíu

**Mörk frá Elínu Mettu Jensen og Berglindi Björgu Þorvaldsdóttur tryggðu Íslandi sigur á Slóvakíu í vináttulandsleik í Senec í Slóvakíu. Jákvæðu punktarnir voru fleiri en þeir neikvæðu að mati landsliðsþjálfarans.**

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari, var að mestu sáttur með það sem hann sá frá íslenska liðinu í leiknum gegn því slóvakíska í gær.

„Það var nokkuð hvasst á vellinum þannig að þetta var kaflaskiptur leikur. Í fyrri hálfleik spiluðum við á móti miklum vindi. Við spiluðum 3-4-3 í fyrri hálfleik og það gekk á köflum vel. Við áttum margar góðar sóknarfærslur sem við vorum búin að æfa en það var smá taktleysi í ákvarðanatökum á síðasta þriðjunginum. Það var samt meira jákvætt en neikvætt,“ sagði Freyr.

Íslenska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og komst yfir á 19. mínútu þegar Elín Metta Jensen skilaði fyrirgjöf Hallberu Gísladóttur í netið. Það reyndist eina markið í fyrri hálfleik.

Freyr skipti um leikkerfi í hálfleik, eins og hann var búinn að ákveða fyrir leik. Þær Elísa Viðarsdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir komu inn á fyrir Önnu Björk Kristjánsdóttur og Rakel Hönnudóttur og íslenska liðið fór í leikkerfið 4-2-3-1 sem það spilaði í undankeppni EM.

„Við vildum sjá hvernig andstæðingurinn myndi bregðast við því og hvernig við myndum ráða við það. Það gekk vel og þetta riðlaði þeirra plönum. Við vorum með öll völd á vellinum með smá vind í bakið. Við ógnuðum markinu stöðugt, sköpuðum okkur fín upphlaup og töluvert af færum,“ sagði Freyr um þessa breytingu sem hann gerði í hálfleik.

Íslenska liðið var áfram sterkari aðilinn í seinni hálfleik en mark númer tvö lét bíða eftir sér. Það kom þó loks á 78. mínútu þegar Berglind Björg skallaði hornspyrnu Katrínar Ásbjörnsdóttur í netið. Þetta var fyrsta landsliðsmark Berglindar Bjargar, í 24. landsleiknum. Að skora eftir fast leikatriði var eitt af þeim markmiðum sem Freyr setti fyrir leikinn í gær.

„Við fórum inn í leikinn með það að markmiði að skora eftir ákveðnar sóknarfærslur og skora eftir fast leikatriði og það gekk eftir. Við ætluðum líka að hafa stjórn á skyndisóknum og föstum leikatriðum andstæðinganna og það gekk mjög vel. Það er margt sem við getum horft á jákvæðum augum en ég vil samt sjá aðeins skarpari hugsun á boltanum á móti Hollandi á þriðjudaginn,“ sagði Freyr sem var ánægður með varnarleik Íslands en Slóvakía skapaði lítið í leiknum.

„Þær áttu eina góða aukaspyrnu sem Gugga varði vel og langskot sem hún þurfti að verja í horn. Annars vorum við með mjög góða stjórn á þeim. Þær ógnuðu sífellt í skyndisóknum en við náðum að hægja vel á þeim. Það var góð stjórnun aftast á vellinum hjá okkur, við féllum ekki niður of snemma og þorðum að vera hátt uppi á vellinum. Þær ógnuðu markinu ekki mikið,“ sagði Freyr sem segir erfitt að bera leikinn í gær saman við leikina á Algarvemótinu þar sem Ísland spilaði við mun sterkari andstæðinga.

„Við vorum að spila á móti toppþjóðum á Algarve en hérna vorum við sterkari aðilinn. Þetta var allt öðruvísi leikur. En ég get sagt að framfararnir hafi verið þær að við vorum stöðugt ógnandi og árásargjarnar í vítateignum,“ sagði Freyr.

Hin 17 ára Agla María Albertsdóttir kom inn á sem varamaður á 71. mínútu í sínum fyrsta landsleik. Freyr kvaðst ánægður með innkomu nýliðans sem fiskaði hornspyrnuna sem Ísland skoraði annað markið úr.

„Hún er með gríðarlegan kraft og hugrekki. Hún kemur inn á og tekur tvö frábær hlaup á hárréttum tíma inn fyrir varnarlínu andstæðingsins. Hún er svona X-faktor, gerir óvænta hluti og er mjög hugrökk. Það er rosalega spennandi leikmaður. Auðvitað á hún eftir að læra helling en þessi ferð á eftir að gera heilmikið fyrir hana,“ sagði Freyr að lokum.

Íslenska liðið heldur nú til Hollands þar sem það mætir heimakonum á þriðjudaginn. ingvithor@365.is



Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði sitt fyrsta landsliðsmark í leiknum gegn Slóvakíu. NORDICPHOTOS/GETTY

**Við vorum stöðugt ógnandi og árásargjarnar í vítateignum.**



Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari

**Rakel Hönnudóttir lék sinn áttugasta landsleik og Sif Atladóttir sinn sextugasta.**

**Stjörnukonan Agla María Albertsdóttir, sem er aðeins 17 ára gömul, lék sinn fyrsta A-landsleik.**

**Domino's-deild kvenna**
*Undanúrslitaeinvígi - Leikur 3*

**Keflavík - Skallagrím. 65-52**

**Keflavík:** Ariana Moorer 19/12 fráköst/7 stoðsendingar, Thelma Dís Ágústsdóttir 15/8 fráköst/3 varin skot, Erna Hákonardóttir 12, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 6/11 fráköst/5 stoðsendingar, Svanhvít Ósk Snorradóttir 5, Birna Valgerður Benónýsdóttir 4, Katla Rún Garðarsdóttir 2, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 2.

**Skallagrímur:** Tavelyn Tillman 25/6 stolnir, Fanney Lind Thomas 9/12 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 8/11 fráköst/3 varin skot, Ragnheiður Benónísdóttir 4, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 4/7 fráköst/3 varin skot, Guðrún Ósk Ámundadóttir 2.

***Staðan er 2-1 fyrir Keflavík. Næsti leikur er í Borgarnesi á mánudaginn.***

### TVEIR FRÁ FRAM EN ENGINN FRÁ HAUKUM EÐA UMFA

HSÍ verðlaunaði í gær þá leikmenn sem voru valdir í úrvalsliðið deildarkeppni Olís-deildar karla en það var gert á kynningarfundi úrslitakeppninnar í gær. Deildarmeistarar FH eiga tvo leikmenn í liðinu sem og Fram og ÍBV. Sá sjöundi kemur frá Selfossi en besti varnarmaðurinn kemur úr Val. Enginn leikmaður Hauka eða Aftureldingar komst í liðið að þessu sinni.

**Úrvalslið Olís-deildar karla í handbolta veturinn 2016-17:**

| | |
|---|---|
| **Mark** | Ágúst Elí Björgvinsson, FH |
| **Lína** | Ágúst Birgisson, FH |
| **V horn** | Andri Þór Helgason, Fram |
| **V. skytta** | Sigurbergur Sveinsson, ÍBV |
| **Miðja** | Elvar Örn Jónsson, Selfoss |
| **H. skytta** | Arnar Birkir Hálfdán., Fram |
| **H. horn** | Theodór Sigurbjörnsson, ÍBV |
| **Varnarm.** | Orri Freyr Gíslason, Valur |

### 94 PRÓSENT SIGURHLUTFALL HJÁ GUNNHILDI

Snæfellskonur eru komnar í úrslitaeinvígi Domino's deildar kvenna fjórða árið í röð en liðið sópaði Stjörnuliðinu út úr undanúrslitunum. Sópið þýddi að fyrirliði Snæfellsliðsins, Gunnhildur Gunnarsdóttir, bætti enn við magnað sigurhlutfall sitt í undanúrslitaeinvígum.

Snæfell hefur unnið 9 af 10 leikjum sínum í undanúrslitaeinvígum síðan Gunnhildur kom aftur heim í Hólminn. Gunnhildur var í fjögur ár hjá Haukum og fór þá tvisvar í undanúrslitin. Haukaliðið vann 3-0 gegn þá ríkjandi Íslandsmeisturum Keflavíkur í bæði skiptin. Gunnhildur hefur nú farið fimm sinnum í undanúrslitaeinvígi og ekki aðeins komist í lokaúrslitin í öll fimm skiptin heldur fagnað sigri í 15 af 16 leikjum sínum í undanúrslitunum. Gunnhildur er því með 93,8 prósenta sigurhlutfall í undanúrslitaeinvígum.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | **KR - Keflavík** | Sport 2 |
| 18.35 | **QPR - Brighton** | Sport 3 |
| 19.00 | **Augusta Masters** | Golfstöðin |
| 19.00 | **MD 2017: Lokakvöl** | Sport |
| 00.00 | **NBA: Rockets-Pistons** | Sport |
| 03.55 | **Formúla1: Æfing, Kína** | Sport |
| 19.15 | **KR - Keflavík** | DHL-höllin |




# Ávísun á gleði

Gríptu tækifærið og nýttu þér 200 þúsund króna afslátt af VW Golf og VW Golf Variant.
Ef þú hefur ekki þegar fengið ávísunina í pósti áttu eina hjá okkur í HEKLU. Komdu fagnandi og leystu út þína ávísun – þú átt það inni. Hlökkum til að sjá þig!

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Ekki litli „Ísskápurinn“

Ágúst Birgisson hefur átt frábæra 18 mánuði síðan hann skipti úr Aftureldingu í FH í fyrra. Hann toppaði gott tímabil með sæti í úrvalsliði ársins.

**HANDBOLTI** „Það er alltaf gaman að fá viðurkenningar fyrir það sem maður er að gera en á endanum snýst þetta allt um liðið,“ segir Ágúst Birgisson, línumaður FH, sem var kjörinn í úrvalslið Olís-deildar karla í handbolta en bestu leikmennirnir voru verðlaunaðir á kynningarfundi HSÍ fyrir úrslitakeppnina í gær.

Ágúst var algjör lykilmaður í FH-liðinu sem varð óvænt deildarmeistari í fyrsta skipti í 25 ár. Fyrir utan að binda saman vörn Hafnarfjarðarliðsins var hann fjórði markahæstur hjá FH með 76 mörk.

„Það má segja að þetta sé mitt besta tímabil á ferlinum,“ segir Ágúst og fullyrðir að þó enginn hafi búist við svona árangri hjá FH-liðinu stefndu leikmennirnir í hæstu hæðir á tímabilinu.

„Við settum okkur markmið í sumar því við vissum hvað við gátum gert. Við höfðum alltaf trú þótt tímabilið byrjaði brösuglega. Við vissum að þetta myndi koma þannig að við misstum aldrei trúna.“

### Sannaði fyrir sjálfum sér

Ágúst skipti úr Aftureldingu í FH á miðju tímabili í fyrra en hann komst aldrei að hjá strákunum í kjúklingabænum. Það gerði ekkert nema gott fyrir Ágúst að skipta um umhverfi, en hann er nú orðinn einn besti línumaður deildarinnar. Síðustu 18 mánuðir hafa snúið ferli hans á rétta braut.

> Ég er með tvo þjálfara; einn heima og einn í salnum.
>
> Ágúst Birgisson

**112**

**Ágúst er búinn að skora 112 mörk í 36 deildarleikjum fyrir FH.**

„Dóri [Halldór Jóhann Sigfússon, þjálfari FH, innsk. blm.] sá eitthvað í mér. Ég fékk tækifæri hjá honum til að byrja á núlli fannst mér. Það var mikilvægt fyrir mig sjálfan að sýna og sanna það fyrir mér og öðrum að ég gæti eitthvað í handbolta því mig langar til að geta eitthvað í handbolta. Ég fékk tíma og traust hjá FH til að byrja upp á nýtt fannst mér,“ segir Ágúst sem var orðinn vel þreyttur á fáum tækifærum hjá Einari Andra Einarssyni, þjálfara Aftureldingar.

„Mér fannst ég ekki fá tækifæri. Þegar ég var hjá Aftureldingu var ég að berjast um stöðuna við Pétur Júníusson sem er auðvitað frábær leikmaður. Hann fékk sénsinn hjá Einari Andra á undan mér og það er ekkert að því enda var Pétur að spila frábærlega. Ég fékk samt aldrei sénsinn. Kannski passaði ég bara ekki inn í spilið hjá Einari, hver veit?“

### Stærri en gamli „Ísskápurinn“

Ágúst hefur ekki langt að sækja hæfileikana á línunni. Faðir hans er einn besti línumaður efstu deildar frá upphafi, Birgir Sigurðsson, fyrrverandi leikmaður Víkings.

„Ég er með tvo þjálfara; einn heima og einn í salnum,“ segir Ágúst og hlær. „Ég leita mikið til pabba og við förum yfir það góða og slæma. Hann bendir mér á rétta hluti og segir mér til. Ég hlusta svo stundum og stundum ekki. Maður getur ekki tekið við öllu en maður tekur það sem maður getur nýtt sér. Hann getur stundum verið erfiður en yfirleitt erum við bara góðir á því, feðgarnir, og spjöllum.“

Birgir var og er algjört heljarmenni og var kallaður „Ísskápurinn“ þegar hann var að spila. Er Ágúst kominn með viðurnefni?

„Vallarþulurinn í Krikanum, sem er sá besti á landinu, kallar mig alltaf Ísskápinn eða Frystikistuna,“ segir Ágúst en þarf hann ekki að vera litli ísskápurinn fyrst hann er sonur upprunalega skápsins?

„Ég er stærri en hann. Það má ekki gleyma því,“ segir Ágúst og hlær við en er hann orðinn jafn sterkur og faðir hans? „Ég næ því kannski einn daginn. Kallinn er alveg hrikalegur,“ segir Ágúst Birgisson. **tomas@365.is**



**Ágúst Birgisson hefur á hálfu öðru ári farið úr því að vera varamaður í Aftureldingu í það að vera í úrvalsliði Olís-deildarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



DORMA
Láttu drauminn rætast

# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST



ÞÚ FINNUR OKKUR
Í HOLTAGÖRÐUM
Á SMÁRATORGI
AKUREYRI OG ÍSAFIRÐI




**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

## Merkisatburðir

**1906** Ingvarsslysið. Tuttugu menn fórust þegar þilskipið Ingvar RE 100 strandaði í ofsaveðri skammt undan Viðey. Í sama veðri fórust 48 menn með tveim skipum við Mýrar (Sophie Wheatly RE 50 og Emilie RE 25).

**1941** Togarinn Gulltoppur bjargaði 33 mönnum af björgunarbát frá flutningaskipinu Beaverdale út af Reykjanesi og bátar frá Hellissandi björguðu 32 mönnum af björgunarbát frá sama skipi út af Snæfellsnesi. Skipið hafði verið skotið niður fjórum dögum áður.

**1943** Stjórnarskrárnefnd Alþingis skilaði áliti og var sammála um að leggja til að 17. júní 1944 yrði valinn til stofnunar lýðveldisins.

**1943** Laugarnesspítali í Reykjavík brann. Hann var byggður árið 1898 sem holdsveikraspítali en síðustu árin hafði bandaríski herinn hann til umráða.

**1968** Lög um tímareikning öðluðust gildi klukkan 01.00. Samkvæmt þeim skal hvarvetna á Íslandi telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich.

# Apríl verður ótrúlega skrítinn í Bíói Paradís

**Næstkomandi sunnudag hefst formlega nýjasti þemamánuður Svartra sunnudaga og að þessu sinni er það Ótrúlega skrítinn apríl þar sem þemað er, eins og nafnið gefur til kynna, alveg ótrúlega skrítnar myndir. Í boði verða þrjár gríðarlega skrítnar myndir.**

Þetta er hugmynd sem spratt hjá honum Sjón. Málið er það að þessi hugmynd bak við kvöldin Svarta sunnudaga í Bíói Paradís varð til í Facebook-grúppu sem heitir Gríðarlega undarlegar kvikmyndir – og eftir því sem ég best veit er þessi hópur nefndur eftir ritinu Incredibly strange films, sem kom út 1986 og er rit um költmyndir – og af því að Svartir sunnudagar hafa gengið vel hjá okkur þá erum við svolítið að halda upp á það með því að hafa þemamánuð til heiðurs þessu riti,“ segir Hugleikur Dagsson, nefndarmeðlimur Svartra sunnudaga, en með honum í því batteríi eru þeir Sigurjón Kjartansson og áðurnefndur Sjón. Þeir hafa lýst því yfir að apríl verði ótrúlega undarlegur og munu fylgja því eftir með sýningu á þremur ótrúlega undarlegum kvikmyndum í Bíói Paradís í mánuðinum.

*Hvað er það sem ræður valinu hjá ykkur?* „Incredibly strange films var á tímabili eitt af því fáa sem kvikmyndanördar gátu nálgast til að sækja þekkingu á skrítnum myndum, öðruvísi myndum, brjáluðum myndum, furðulegum myndum og svo framvegis. Við ákváðum að velja þrjár skrítnar myndir sem eru efstar á lista í okkar bók.

Þær myndir sem við sýnum eru allar svolítið gamlar, alveg hálfrar aldar gamlar eða eldri – ef þær eru enn þá skrítnar núna þá voru þær alveg drullu skrítnar þá. Þannig að í raun og veru eru þær djarfari en skrítnar myndir núna myndi ég alveg þora að segja.“

*Hvaða myndir er um að ræða?* „Þetta eru kvikmyndirnar Spider Baby, Faster Pussycat, Kill Kill! og The Mask. Myndin Faster Pussycat, Kill Kill! er í rauninni eina myndin af þessum þremur sem ég hef séð – hinar hafa lengi vel verið á lista hjá mér, enda er ekkert auðvelt að nálgast þær. Núna loksins, eins og ég hef oftast notað Svarta sunnudaga til að gera, hef ég séð þær myndir sem hafa alltaf verið á lista hjá mér,“ segir Hugleikur og bætir við:

„Það er líka svo sniðugt að sjá þessar skrítnu myndir í bíói, því að ef þú ert að horfa á þær heima hjá þér þá hefurðu svolítið valdið til að slökkva á þeim. Stundum geta þær verið svolítið fráhrindandi, eða kannski ekki alveg það sem þú vilt horfa á í þynnkunni – eitthvert svona brjálæði. En þegar þú ert í bíói þá ertu fastur þarna í salnum og verður að horfa á þetta og það gerir það einfaldlega að verkum að maður verður reynslunni ríkari og sér myndina eins og maður á að sjá hana. Ég er gífurlega þakklátur fyrir tækifærið. Bíómyndir eru ekki bara til að gleðja, þær eru líka til að vekja aðrar tilfinningar.

En allar þessar þrjár myndir eru frábær skemmtun, þær eru allar húmorískar og meðvitað óþekkar. Til dæmis er Faster Pussycat, Kill Kill! frábært dæmi um það. Hún er alveg eðal „exploitation-pönk“ með bílum, gellum og ofbeldi.“

Leikar hefjast næsta sunnudag en þá verður kvikmyndin Spider Baby sýnd. Sunnudaginn eftir er það svo Faster Pussycat, Kill Kill! og að lokum The Mask. stefanthor@frettabladid.is



**Þeir Sjón og Hugleikur Dagsson auk Sigurjóns Kjartanssonar hafa starfrækt Svarta sunnudaga í þó nokkur ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **En þegar þú ert í bíói þá ertu fastur þarna í salnum og verður að horfa á þetta og það gerir það einfaldlega að verkum að maður verður reynslunni ríkari.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Sigmundur Kristjánsson**
Skúlagötu 20, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk 8. febrúar. Útförin hefur farið fram.
Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug. Sendum sérstakar þakkir til starfsfólks Markar fyrir frábæra umönnun, góðvild, hlýju og þolinmæði á erfiðum tímum.

**Sólrún Gestsdóttir**
**Guðjón Einarsson** **Karólína Pétursdóttir**
**Sonja Einarsdóttir**
**Símon Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Sigurbjörg Siggeirsdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Melhaga 10,

er látin. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinar látnu.

**Örn Jóhannsson** **Edda Jónsdóttir**
**Valur Jóhannsson** **Jenny Forberg**
**Anna Sigríður Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Þór Kristjánsson**
til heimilis að Engihjalla 25, 200 Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 29. mars sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 10. apríl kl. 13.00.

**Kolbrún Kristjánsdóttir** **Elías J. Friðriksson**
**Kristján Þór Kristjánsson** **Helga Loftsdóttir**
**Fríða Dröfn Kristjánsdóttir** **Eyþór Víðisson**
**Ester Sif Kristjánsdóttir** **Hlynur Hreinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Magnússon**
bifreiðasmiður og verslunarmaður,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 28. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir eru færðar til starfsfólks og íbúa Furuhlíðar.

**Jóna** **Þórólfur Geir Matthíasson**
**Magna** **Úlfar Björnsson**
**Guðmundur Baldvin** **Soffía Gísladóttir**
**Rannveig Antonía** **Vilhjálmur Grímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar ástkæri eiginmaður, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**Vigfús Aðalsteinsson**
viðskiptafræðingur,
Arnartanga 80, Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum 2. apríl. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. apríl kl. 15.00. Ástvinir afþakka blóm og kransa, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Rótarýklúbbanna eða líknarfélög. (Minningarkort Rótarý má finna á /www.rotary.is/umrotary/kort/minningarkort.)

**Svala Árnadóttir**
**Guðbjörg Vigfúsdóttir**
**Heiða G. Vigfúsdóttir** **Leifur Eiríksson**
**Hafdís G. Vigfúsdóttir**
**Árni Gunnar Vigfússon**
**Aðalheiður Vigfúsdóttir** **Vigfús Þór Sveinbjörnsson**
**og afabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamamma og amma,

**Sesselja Hrönn Guðmundsdóttir**

lést á heimili sínu, Hrafnistu í Hafnarfirði, miðvikudaginn 29. mars í faðmi fjölskyldunnar. Útför verður frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 7. apríl kl. 13.

**Fjóla Eðvarðsdóttir** **Justin Wallace**
**Geir Eðvarðsson**
**Ingibjörg S. Eðvarðsdóttir** **Baldur I. Sæmundsson**
**Elísabet Hrönn, Eðvarð Geir, Sylvía Guðrún**
**Emma Ósk, Inga Fjóla og Ronja Valgý**



†

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

**Magnús Hólm Sigurðsson**
vélfræðingur,
Grenigrund 31, Akranesi,

lést á heimili sínu þann 17. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

**F.h. aðstandenda,**
**Magnús Birkir Magnússon**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 7. APRÍL 2017



Í koti dýraverndunarfélagsins Villikatta dvelja oftast tíu eða fleiri kettir sem bíða nýrra eigenda. Kotið er í bakgarði Maríu Kristu Hreiðarsdóttur.

Gæludýr »6



Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun



MYND/ANTON

# Við gáfum allt í þetta

**Leiksýningin Elly í Borgarleikhúsinu hefur slegið í gegn. Björgvin Franz Gíslason stekkur í fjölmörg hlutverk og þykir standa sig vel í að túlka hina ástsælu söngvara Vilhjálm Vilhjálmsson og Ragnar Bjarnason.**

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Við hittumst á veitingastaðnum Bike Cave í Hafnarborg í Hafnarfirði, heimabæ Björgvins. Hann segist reyndar ekki vera ekta Gaflari, er aðfluttur, og býr með fjölskyldu sinni í Vallahverfi. „Hafnfirðingar kalla reyndar Vallahverfi „varla hverfi“ og finnst mjög fyndið,“ segir hann brosandi og gæðir sér á girnilegum grænmetisborgara og sætum frönskum enda orðinn mjög hrifinn af grænmetisfæði í seinni tíð, sérstaklega eftir jógatíma sem hann reynir að stunda sem mest.

## Stefnumótin lögðu grunninn

Björgvin er giftur Berglindi Ólafsdóttur, þerapista á meðferðarstofunni Shalom, og saman eiga þau tvær dætur, þær Eddu Lovísu sem er að verða sextán ára og Dóru Marín sem verður níu ára á árinu.

„Við Berglind byrjuðum saman nákvæmlega 12. mars 2001. Þegar ég var yngri nálgaðist ég sambönd á allt annan hátt en ég gerði þegar við Berglind kynntumst. Við deituðum til dæmis í tvo eða þrjá mánuði án þess að nokkuð gerðist og ákváðum bæði, án þess að tala okkur sérstaklega saman um það, að verða vinir áður en við færum lengra. Það hefur tekist svona vel til, enda liðin sautján ár og við enn þá saman,“ segir Björgvin brosmildur að vanda og bætir við að þau hafi gift sig í Fríkirkjunni í Hafnarfirði árið 2009. „Við höfum svo sem gengið í gegnum margt saman. Við urðum til dæmis mjög snemma ólétt sem var nú alls ekki planið en það kom alger snillingur út úr því. Ég held að þetta deittímabil hafi lagt mjög góðan grunn sem við búum að enn þá í dag.“

## Tveir mismunandi pabbar

Hvernig pabbi er hann? „Ég hef átt

tvö tímabil sem foreldri. Fyrst var ég foreldri sem var mjög upptekið og alltaf að vinna. Þegar við fluttum síðan til Bandaríkjanna fyrir sex árum þurfti ég að byrja á að kynnast eldri dóttur minni sem hafði varla séð mig nema í sjónvarpinu í Stundinni okkar. Ég uppgötvaði úti að þetta væri ekki leiðin sem mig langaði að fara. Ég sótti kúrs sem breytti hugsunarhætti mínum og við það urðu straumhvörf í mínu lífi. Í kúrsinum var kennt hvernig ætti að ná árangri í viðskiptalífinu en áherslan var ekki á starfið heldur hvernig mætti taka ábyrgð á sjálfum sér, heilsunni, fjölskyldunni og áhugamálunum á móti allri þeirri streitu sem starfið kallar á. Ég heyrði reynslusögur manna sem höfðu misst algerlega af uppvexti barna sinna og áttuðu sig ekki fyrr en börnin voru á leið í háskóla hinum megin á landinu. Ég vildi ekki vera sá gaur.“

Björgvin reynir því alltaf að finna tíma fyrir dætur sínar þó mikið sé um að vera eins og þessa dagana þegar sýningar á Elly standa sem hæst. „Ég reyni að nýta dagana til að gera eitthvað með þeim, fara í sund eða bara sitja með þeim og læra.“

## Fjögur mótandi ár í Bandaríkjunum

Fjölskyldan flutti til Minnesota í Bandaríkjunum fyrir sex árum þar sem Berglind stundaði nám í fjölskyldu- og hjónabandsþerapíu. Björgvin fór sjálfur í þverfaglegt meistaranám þar sem hann raðaði saman því sem honum þótti áhugaverðast að læra.

„Áður en við fórum út var maður dálítið fastur í þeim hugsunarhætti að maður ætti eitthvað skilið. Maður ætti skilið að fara til útlanda þó maður hefði ekki endilega efni á því og var svo hissa þegar endar náðu ekki saman. Þegar þú ert námsmaður í útlöndum er enginn að fara að redda þér þegar peningurinn klárast. Þá uppgötvuðum við þessa brjáluðu hamingju sem felst í því að eiga aðeins fyrir nauðþurftum og geta ekki eytt í óþarfa. Við eyddum meiri tíma heima og saman, spiluðum eða horfðum á það sem var í sjónvarpinu. Ég held að ég hafi aldrei verið jafn hamingjusamur á ævinni,“ segir hann og brosir að minningunni. „Hamingjan fólst því ekki í launum heldur hugsunarhættinum.“

Þegar fjölskyldan kom heim fyrir tveimur árum voru peningar oft af skornum skammti, Björgvin fékk lítið að gera og Berglind að byrja að fikra sig áfram sem þerapisti. „En þá vorum við því að láta hlutina duga að þetta var allt í lagi. Við redduðum til dæmis bílamálum með því að hertaka bílinn hans pabba og sögðum honum að hringja ef hann vantaði far,“ segir hann og skellir upp úr.

## Edrú í átján ár

Björgvin er ekki óvanur því að breyta hegðun sinni og hugsanagangi. Þannig ákvað hann að hætta að drekka fyrir átján árum meðan hann var enn í leiklistarskólanum. „Ég var mjög lélegur drykkjumaður og er afar þakklátur því að hafa getað komið inn í leiklistarheiminn edrú,“ segir hann en viðurkennir að það hafi ekki alltaf verið auðvelt. „Á þessum tíma var ég afar viðkvæmur fyrir drykkju annarra. Í dag er ég bæði sterkari og svo eru líka fleiri í kringum mig sem eru annaðhvort hættir að drekka eða hafa aldrei byrjað. Það er því mun minna mál fyrir mig að vera edrú í dag en þá.“

## Draumahlutverkið upp í hendurnar

Björgvin vissi að setja ætti upp leiksýninguna Elly og fannst verkefnið spennandi enda hlustað á Elly og Vilhjálm frá unglingsaldri. Hann bjóst þó alls ekki við því að vera boðið hlutverk í sýningunni. „Ég hafði haft mjög lítið að gera síðan við fluttum heim og fannst ótrú-



Björgvin í hlutverki Ragnars Bjarnasonar sem syngur hér til Ellyjar sem leikin er af Katrínu Halldóru Sigurðardóttur. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ



Björgvin og yngri dóttirin Dóra Marín á strönd nærri Chicago árið 2012.



Hjónin á ströndinni á Lake Harriet sem var eitt af mörgum vötnum í kringum heimili þeirra í Minneapolis.



Fjölskyldan á fermingardegi Eddu Lovísu fyrir tveimur árum.

> Svo kemur hann bak við og er grátandi. Þá rann loks upp fyrir mér að við værum með eitthvað svakalegt í höndunum.
>
> **Björgvin Franz Gíslason**

lega erfitt að komast inn í bransann aftur. Þá hringir Gísli Örn Garðarsson, gamall vinur minn og bekkjarbróðir, í mig og segir: „Jæja, þá er komið að þessu. Má ekki bjóða þér að leika Villa Vill og Ragga Bjarna?“ Ég var rosalega hissa og glaður og tók því auðvitað á staðnum,“ segir Björgvin en margt breyttist með þessu tilboði. „Þarna fékk ég draumahlutverk, ég var kominn með fasta vinnu, fékk aftur tækifæri að vinna í leikhúsi sem ég hafði ekki gert að neinu gagni í mörg ár og svo loks færi á að vinna aftur með Gísla vini mínum og Selmu Björns.“

Björgvin leikur fjölmörg hlutverk í sýningunni en þeirra stærst eru Villi Vill og Raggi Bjarna. Hann segir það hafa verið nokkra áskorun, sérstaklega hvað sönginn snerti. „Villi var tenór, Raggi Bjarna er bassi, og ég er hvorugt,“ segir hann hlæjandi en með góðri hjálp frá Kristjönu Stefáns hafi honum tekist að gera báðum góð skil.

Eftirhermur hafa verið ær og kýr Björgvins lengi og það nýttist honum vel í sýningunni. Samt hafi ekki verið nóg að herma eftir þessum mætu mönnum því hann vildi líka gæða þá persónuleika og lífi. „Mér fannst þetta mjög viðkvæmt ferli enda var ég annars vegar að túlka þjóðfrægan látinn mann sem þjóðin elskaði og hins vegar mann sem enn er á lífi og fólk þekkir mjög vel. Gísli hjálpaði mér mikið að móta Vilhjálm en Raggi mótaðist nánast sjálfkrafa enda var ég búinn að stúdera hann mikið, talandann og kækina,“ segir Björgvin og bætir hlæjandi við að hann hafi tónað kækina nokkuð niður í sýningunni. „Þegar maður hittir Ragga sjálfan er hann í raun mun ýktari. Ég hefði örugglega verið sakaður um ofleik hefði ég leikið Ragga nákvæmlega eins og hann er.“

## Pabbi grét

Viðtökur gagnrýnenda og almennings eru allar á einn veg enda er uppselt á sýninguna langt fram í tímann og þegar búið að ákveða að flytja hana í stóran sal í haust. „Ég er nú alltaf skíthræddur við að lesa dóma en svo hafa þeir verið mjög fínir. Það sem ég hugsaði fyrst og fremst var að hvað sem yrði, þá hefði ég allavega lagt allt í þetta og sama má segja um allan hópinn sem stóð að sýningunni. Við lögðum allt í þetta.“

Björgvini finnst ekki síst gaman að heyra að fólk sem hafi staðið Elly og Vilhjálmi nærri sé ánægt með sýninguna. Hann segist þó ekki hafa gert sér grein fyrir því hversu djúpstæð áhrif sýningin gæti haft fyrr en pabbi hans, Gísli Rúnar Jónsson, mætti á forsýningu. „Pabbi er maður með skoðanir og ég var því hálfhræddur að fá hann. Svo kemur hann bak við eftir sýninguna og er grátandi. Þá rann loks upp fyrir mér að við værum með eitthvað svakalegt í höndunum. Þetta virðist ná svona rosalega að hjarta fólks.“


FERMINGARGJÖFIN Í ÁR?
ARC-TIC RETRO
VERÐ FRÁ:
29.900,-
Sölustaðir:
Gilbert úrsmiður
Laugavegi 62
Gullbúðin
Bankastræti 6
Meba / Rhodium
Kringlunni og Smáralind
Kaupmaðurinn
Ísafirði
Georg Hannah
Keflavík
Guðmundur Hannah
Akranesi
Karl úrsmiður
Selfossi
Your Perfect Day verslun
Hilton Nordica, Natura og Marina Hótel
ARC-TIC
ICELAND
www.arc-tic.is
GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551 4100
www.gilbert.is

# Þess vegna fá eldri konur bólur

## Það eru ekki bara táningar sem fá bólur í andlit. Konur sem eru komnar yfir miðjan aldur fá líka bólur sem þær eru að vonum afar ósáttar með.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is





Bólur í andliti eru hvimleiðar en ýmislegt er hægt að gera til að losna við þær.

Hvers vegna fá konur sem komnar eru yfir fertugt bólur eins og unglingar? Dr. Bolli Bjarnason, húð- og kynsjúkdómalæknir hjá Útlitslækningu, segir að samkvæmt bandarískri rannsókn hafi 26,3 prósent kvenna á aldrinum 40-49 ára svokallaðar þrymlabólur og 5,3 prósent kvenna eftir fimmtugt. Sama rannsókn sýnir að 50,9 prósent kvenna á aldrinum 20-29 ára hafa þrymlabólur og 35,2 prósent á milli 30-39 ára. Af þessu má sjá að bólur eru nokkuð algengar þótt konur séu komnar af táningsaldri. Margs kyns bólumyndun er til í andliti fyrir utan þrymlabólur. Má þar nefna rósroða eða sýkingar af völdum baktería í umhverfinu. Einnig eru til sérstakir sjúkdómar sem mynda bólur annaðhvort í kringum munn eða augu.

### Tengt hormónum

Bolli var spurður hvort þrymlabólur gætu tengst hormónum og svarar hann því játandi. „Þrymlabólur eru oftast hormónatengdar. Það sést best sé litið til sjúkdóma sem valda hækkun karlhormóna svo sem fjölblöðrueggjastokksheilkennisins (polycystic ovary syndrome). Mánaðarlegar sveiflur í hormónum tíðahringsins skipta máli fyrir myndun þrymlabóla því allt að 85 prósent fullorðinna kvenna með þrymlabólur versna dagana fyrir blæðingar. Rannsókn hefur sýnt þessa versnun vera mun algengari hjá konum yfir þrítugt borið saman við yngri konur. Það er oft óljóst hvað veldur því að konur geti fengið þrymlabólur í fyrsta sinn komnar yfir þrítugt eða fái þá aftur bólumyndun á þessum aldri eða síðar,“ útskýrir hann.

### Bólur með tíðahvörfum

„Sýnt hefur verið fram á að styrkur karlhormóna sé hærri hjá konum með þrymlabólur í kringum tíðahvörf borið saman við konur án þrymlabóla þó báðir hóparnir hafi styrk karlhormóna innan eðlilegra marka. Við fall estrógens hjá konum við tíðahvörf er mögulegt að myndist óhagstætt hlutfall milli þessara hormóna sem getur leitt til aukinnar fituframleiðslu kirtlanna og þar með myndunar þrymlabóla. Annar stór áhættuþáttur fyrir utan hormóna er olía í vörum svo sem snyrtivörum sem bornar eru á svæði þar sem þrymlabólur myndast. Vinna með olíur svo sem í eldhúsi getur einnig leitt til bólumyndunar. Það er mjög óalgengt að lyf sem ekki eru hormónalyf valdi sjúkdómnum. Menn hafa velt fyrir sér mögulegri áhættu af þáttum svo sem mataræði, álagi, erfðum og tóbaksnotkun en niðurstöður eru oft misvísandi milli rannsókna,“ upplýsir Bolli og bendir á að aðalatriðið fyrir konur í kringum tíðahvörf sé að forðast útvortis vörur sem innihaldi olíu svo sem sumar snyrtivörur. „Framleiðendur sem álíta sínar vörur ekki hafa áhrif á bólumyndun merkja þær stundum með „non-comedogenic“ eða „non-acnegenic“.“

### Lækning getur hjálpað

Ef vandamálið er algengt getur verið nauðsynlegt að leita læknis. Bolli segir að kanna þurfi húðgerð, notkun á snyrtivörum og hormónagetnaðarvörn sé hún til staðar. „Mjög margar gerðir þrymlabóla eru til sem þarf að greina á milli. Sjúkdómurinn getur verið allt frá því að valda eingöngu fílapenslum upp í að geta valdið aumum öramyndandi bólgukýlum. Meðferðir eru einstaklingsbundnar og miða einnig alltaf að því að aftra öramyndun,“ segir hann.

„Fílapenslar eru stíflaðir fitutappar í kirtilopum fitukirtla sem geta verið svartir eða hvítir. Séu þeir áberandi eru oft notuð útvortis lyf sem brjóta niður keratín í efsta lagi húðþekjunnar en við það losna tapparnir út og flæði fitu út úr kirtlunum verður aftur eðlilegt. Séu þeir á háu stigi kemur innvortis lyfjameðferð til greina til að draga úr myndun fitu í kirtlunum. Lyfjameðferðir við bólum geta verið allt frá útvortis bakteríudrepandi kremum upp í margs kyns innvortis lyf eða blanda af hvoru tveggja.“

### Lasermeðferð

Bolli segist stundum beita lasermeðferð gegn bólum. „Meðferðin byggir á gjöf ljóss til yfirborðs húðarinnar sem eyðir porfýríni sem bakterían Propionibacterium acnes þarf til að dafna. Bakterían er álitin mikilvægur þáttur í myndun bólanna. Við útstæðum örum er stundum beitt lyfjainnspýtingum og frystingum sem stundum er fylgt eftir með lasermeðferð gegn roða í örunum. Við innstæðum örum er oft beitt lasermeðferð til að hækka þau upp og fjarlægja lit. Þessar lasermeðferðir eru háðar eftirliti læknis samkvæmt reglugerð velferðarráðuneytisins eins og á öðrum Norðurlöndum.“



Dr. Bolli Bjarnason, húð- og kynsjúkdómalæknir hjá Útlitslækningu.

> Samkvæmt bandarískri rannsókn hafa 26,3% kvenna á aldrinum 40-49 ára svokallaðar þrymlabólur og 5,3% kvenna eftir fimmtugt. Af þessu má sjá að bólur eru nokkuð algengar þótt konur séu komnar af táningsaldri.




Innfallin ör í andliti eftir bólur. Hægt er að milda slík ör til mikilla muna.




Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim

Apótek Garðarbæjar í alfaraleið




Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

# HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ CURCUMIN?

Gullkryddið sem hefur reynst þúsundum landsmanna vel.




GOOD MANUFACTURING PRACTICE GMP QUALITY PRODUCT

BLÁ NAGLINN

**Í apríl mánuði renna 100 krónur af hverri seldri Curcumin dós til stuðnings Bláa naglans**

**Curcumin „Gullkryddið" er margfalt áhrifameira en Túrmerik!**



100% NATURAL



„Hreinleiki, gæði og virkni skiptir mig miklu máli þegar ég vel fæðubótarefni.

Þess vegna mæli ég tvímælalaust með vörunum frá Natural Health Labs."

**Helga Lind – Pilateskennari og einkaþjálfari**




Bætiefnin innihalda hvorki rotvarnarefni né fylliefni og eru án allra aukaefna.

*Bætt heilsa og betri líðan með*
Natural Health Labs
*100% náttúruleg bætiefni*

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórverslana.**

BALSAM ehf

Kynntu þér málið á www.balsam.is

# Með kattahótel í garðinum

## Í koti dýraverndunarfélagsins Villikatta dvelja oftast tíu eða fleiri kettir sem bíða nýrra eigenda. Kotið er í bakgarði Maríu Kristu Hreiðarsdóttur.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



María Krista býr rétt utan bæjarmarka Hafnarfjarðar, aðeins afskekkt og úti í hrauni. „Hraunið er alger paradís fyrir villiketti enda var ég farin að taka eftir fjölmörgum slíkum hér nærri heimilinu, sérstaklega á sumrin. Þá voru litlir kettlingar að dúkka upp í garðinum sem við vissum ekki hvað ætti að gera við. Í tvö ár gaf ég villiköttunum að borða öðru hvoru en sinnti þeim ekki að öðru leyti enda vissi ég ekki hvert ég ætti að leita,“ segir María. Þegar hún frétti af stofnun félagsins Villikatta hringdi hún í konurnar sem stóðu að félaginu. „Þá hafði læða gotið í þriðja sinn fyrir utan hjá mér og var komin alveg upp að hurðinni hjá mér. Þær mættu um leið og hjálpuðu mér. Plötuðu mig síðan í kjölfarið í starfið með sér,“ segir hún glettin.

Eftir það hefur hún séð um svæðið í kringum heimili sitt en starfið snýst um að gefa villiköttum, fanga þá, gelda og sleppa þeim síðan aftur. „Við höfum örugglega gelt í kringum 35 til 40 ketti bara í hrauninu hér.“

### Verslun varð að kattahóteli

Í bakgarðinum hjá Maríu er lítið kot, eða sumarbústaður. Þar rak hún verslun um tíma en húsið stóð autt eftir að verslunin flutti á Laugaveginn. „Þetta átti nú ekki að verða kattahótel en svo þróaðist það bara þannig,“ segir María hlæjandi en hún hefur verið að snyrta húsið og umhverfi þess þannig að það lítur út eins og snotrasta hótel.



María Krista með einn af íbúum kotsins. MYND/GVA



Einn af kettlingunum sem fannst illa til reika í húsi með 50 öðrum köttum.

> **Villiköttum í hrauninu hefur fækkað mikið, nú eru þetta bara þessir gömlu góðu, og reyndar eru nokkrir þeirra fluttir inn í þvottahúsið hjá mér.**
>
> María Krista Hreiðarsdóttir

Kettirnir sem dvelja í kotinu koma víða að. Sumir eru villikettir sem eru að jafna sig eftir geldingu og kettlingar sem finnast á víðavangi. Aðrir koma af heimilum þar sem ekki var nægilega vel hugsað um þá eða ekki hægt að hafa þá vegna ofnæmis. Þeir kettir bíða þess að komast á ný heimili. „Ég reyni að hafa ekki fleiri en tíu ketti í kotinu í einu en svo koma oft upp aðstæður þar sem þeir verða fleiri. Til dæmis var fimmtíu köttum sem bjuggu við slæmar aðstæður á heimili bjargað um daginn. Nokkrir þeirra eru hér hjá okkur í kotinu,“ segir María.

### Gefandi sjálfboðaliðastarf

Hópur sjálfboðaliða gengur vaktir og hugsar vel um kisurnar í kotinu yfir daginn. „Þetta eru skemmtilegar konur sem eru heima á daginn af ýmsum ástæðum. Fólki finnst starfið gefandi og sumir nýta tækifærið til að umgangast kisur þarna af því það er ekki hægt á heimilinu vegna ofnæmis.

Rekstur slíks kattaheimilis er ekki ókeypis enda þarf bæði mat og annan aðbúnað. „Við fáum enga styrki frá ríki eða sveitarfélögum. Það eru einstaklingar og fyrirtæki sem styrkja starfið með matar- og peningagjöfum,“ segir María. Nýverið stofnuðu Villikettir Snapchat-reikning sem fjölmargir fylgjast með. María telur að snappið hafi aukið mjög áhuga á starfinu. „Fólk tengist persónulegar við starfið og er duglegt að bjóða fram aðstoð sína.“

### Fleiri vilja kettlinga

María segir ganga ótrúlega vel að koma köttum á ný heimili, sér í lagi eftir tilkomu snappsins. Hún segir þó að flestir heillist af litlum loðnum kettlingum meðan eldri kettir sitji oftar eftir. „Það er leiðinlegt því þessir gömlu krumpuðu eru alveg yndislegir. Mér finnst að fólk ætti frekar að velja ketti út frá skapgerð og karakter en útliti.“



Kettirnir hafa útiaðstöðu til að anda að sér frisku lofti.

> **Nýverið stofnuðu Villikettir Snapchat-reikning sem fjölmargir fylgjast með.**



Hver getur sagt nei við svona svip?

### Villikettir lifa betra lífi

Suma villiketti má venja við manninn og gera að heimilisköttum, aðrir eru villikettir í eðli sínu og er sleppt á sín svæði á ný og þeim gefið úti við. „Þeir bjarga sér alveg sjálfir en mikilvægt er að gelda þá svo læðurnar séu ekki að burðast með kettlinga úti í snjó og vondu veðri,“ segir María sem finnur mikinn mun á villikattasamfélaginu í hrauninu. „Þeim hefur fækkað mikið, nú eru þetta bara þessir gömlu góðu, og reyndar eru nokkrir þeirra fluttir inn í þvottahúsið hjá mér, manninum mínum til lítillar gleði enda með kattaofnæmi,“ segir hún glettin en bætir við að hann láti það yfir sig ganga. „Ég er svo vel gift.“



# Kíktu á Reykjanes

Kynningar:
Kadeco
Garður
HS Orka
Grindavík

7.APRÍL 2017



Eldvörp á Reykjanesi er sérstaklega falleg gígaröð vestan við Grindavík. MYND/SNORRI TRYGGVASON

## Þrautseigja og kraftur einkennir samfélagið

Undanfarin ár hefur verið mikill uppgangur á Suðurnesjum. Atvinnuástand hefur batnað mjög mikið þar sem ferðaþjónustan leikur stórt hlutverk. Íbúðaverð er mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu, næga atvinnu er að fá og vel fer um fjölskyldufólk enda stutt í flesta þjónustu. →2

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Mikill viðsnúningur hefur orðið á Suðurnesjum á síðustu árum. Eftir brottför bandaríska hersins árið 2006 og efnahagshrunið tveimur árum síðar gekk samfélagið gegnum nokkur ár mikils atvinnuleysis og erfiðleika í atvinnulífinu. Undanfarin ár hefur þó margt breyst til betri vegar. Aukinn ferðamannastraumur hefur þar vissulega leikið stórt hlutverk en samhliða honum hefur gríðarleg uppbygging orðið á svæðinu í öðrum geirum, þar á meðal í nýsköpun og ótal margir frumkvöðlar eru að festa sig í sessi á svæðinu að sögn Berglindar Kristinsdóttur, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. „Kraftur og þrautseigja einkenna bæði fólkið og samfélagið almennt hér á Suðurnesjum sem sýnir sig kannski best í því hvernig við höfum rétt úr kútnum eftir þessi tvö áföll. Atvinnuleysið á þessum árum fór í nálægt fimmtán prósent, nú vantar fólk til starfa á svæðinu og það á aðeins örfáum árum. Þrautseigjan og krafturinn hefur svo sannarlega sýnt sig.“

Hún segir afar gott að búa á Suðurnesjum. Íbúðaverð sé mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu, næga atvinnu sé að fá og fyrir ungt fjölskyldufólk sé frábært að búa þar enda er stutt í alla þjónustu, fjölbreytt íþróttastarf, stórkostlega tónlistarmenningu, frábæra leikskóla og grunnskóla. „Hér er gott að búa og þeir sem hafa flutt hingað á síðustu árum eru svekktastir yfir því að hafa ekki flutt hingað fyrr. Fólk áttar sig nefnilega ekki alltaf á því hvað lífið er blómlegt hér og um leið hversu stutt í raun og veru er á milli Reykjanessins og höfuðborgarinnar. Það tekur í raun engan tíma að keyra á milli og Reykjanesbrautin er alltaf opin.“

## Ferðaþjónustan mikilvæg

Aðspurð um helstu vaxtarmöguleika í atvinnulífinu á Suðurnesjum næsta áratuginn segir hún ljóst að ferðaþjónustan muni setja svip sinn á svæðið áfram. Hins vegar séu líka aðrar greinar sem muni væntanlega springa út á næstu árum. „Uppbygging ISAVIA á Keflavíkurflugvelli hefur ekki farið fram hjá neinum. ISAVIA gerir ráð fyrir, miðað við farþegaspá sína til ársins 2040, að 415 ný störf skapist að meðaltali á hverju ári og verði þau orðin alls 15.000 í lok árs 2040. Þann 1. janúar 2017 voru 12.997 manns á vinnumarkaði á Suðurnesjum. Það er því ljóst að ótal tækifæri eru til vaxtar.“

Sem dæmi um uppbygginu nefnir hún að Bláa lónið sé að byggja hótel auk þess sem verið sé að byggja fleiri hótel í Reykjanesbæ, Grindavík og sveitarfélaginu Garði. „Hér eru einnig tækifæri í fiskeldi en nokkuð er af fiskeldi á landi á Reykjanesskaganum. Icelandair er að stækka flugskýlið sitt um helming og vonandi sjáum við uppbyggingu á flugvélaviðhaldi hjá öðrum fyrirtækjum á komandi árum. Gagnaver hafa verið að setja sig niður hjá okkur en aðstæður fyrir þau eru frábærar. Hér eru auk þess starfandi fyrirtæki sem munu láta til sín taka á næstu árum, fyrirtæki á borð við ORF-líftækni, GeoSilica, Ísaga, Taramar og mörg fleiri.“



Garðskagaviti skartar sínu fegursta í kvöldsólinni. MYND/OZZO



Berglind Kristinsdóttir

> Fólk áttar sig ekki alltaf á því hvað lífið er blómlegt hér.

Mikill viðsnúningur hefur einnig orðið á menntunarstigi íbúa svæðisins að hennar sögn, allt frá grunnskóla og upp úr. „Grunnskólarnir á svæðinu hafa verið að skora hátt á samræmdum prófum og Pisa-prófum og háskólamenntuðum á svæðinu hefur fjölgað til muna á síðustu árum.“

## Vannýtt auðlind

Suðurnesin sem viðkomustaðar ferðamanna, bæði innlendra og erlendra, eru einnig vannýtt auðlind að mati Berglindar. „Íslendingar virðast margir hverjir ekki þekkja svæðið nema Reykjanesbrautina og umhverfið þar í kring upp á flugvöll. En svæðið hér er einstakt, sagan alveg ótrúleg, hvert sem litið er. Hér koma saman jarðsagan, tónlistarsagan, íþróttasagan, saga hersins, saga sjávarútvegsins, frumkvöðla, rithöfunda, listamanna og svo mætti lengi telja. Við höfum verið að vinna markvisst að því að gera svæðið sýnilegra og fýsilegri kost til að heimsækja, bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.“

Eitt af þeim verkefnum sem sveitarfélögin fimm á svæðinu hafa unnið í samstarfi við fræðasamfélagið og einkafyrirtæki er Reykjanes UNESCO Global Geopark. „Reykjanes UNESCO Global Geopark er annar sinnar tegundar á Íslandi en hann varð 66. garður sinnar tegundar í Evrópu. Hlutverk okkar verður kannski aðallega fólgið í því að upplýsa fólk um hvað er hægt að sjá og gera á svæðinu og koma Reykjanesinu almennilega inn á kortið.“

Það er því mikil og vaxandi bjartsýni meðal flestra Suðurnesjamanna segir Berglind. „Á næstu 10-20 árum sjáum við fyrir okkur að Suðurnesin muni halda áfram að blómstra eins og þau hafa gert síðustu ár. Íbúum mun fjölga hér umtalsvert á næstu árum og það verður mikil áskorun fyrir sveitarstjórnarmenn að halda rétt á spilunum. Við erum með aðra íbúasamsetningu en margir aðrir landshlutar en hér er mikið af ungu fólki. Það er framtíðin okkar. Ef þróunin, sem verið hefur hér síðustu ár, heldur áfram er alveg hægt að halda því fram að mesti vöxtur á landinu verði hér á Suðurnesjum eða eins og Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, sagði í viðtali við Víkurfréttir fyrir rúmu ári: „Þið eruð sætasta stelpan á ballinu þegar kemur að þessari ferðamannasprengju sem hefur orðið.“ Hér eru tækifærin.“




Háskólabrú Keilis
- Nýtt tækifæri til náms

Háskólabrú Keilis býður upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi og uppfylla nemendur að loknu náminu inntökuskilyrði í háskóla hérlendis og erlendis.

Keilir er eini skólinn sem býður upp á aðfararnám í samstarfi við Háskóla Íslands og gildir námið til inntöku í allar deildir HÍ.

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Keilir • Grænásbraut 910 • 235 Reykjanesbær • Sími 578 4000 • keilir@keilir.net

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Veffang: Visir.is

# Markviss uppbygging

## Kadeco leiðir þróun og markaðssetningu svæðisins við flugvöllinn. Mörg tækifæri til uppbyggingar sem tengjast fluginu eru á þessum slóðum.

Svæði í kringum alþjóðlega flugvelli hafa möguleika til mikillar uppbyggingar. Um allan heim hefur orðið mikill vöxtur í kringum flugvelli. Staðsetning Ásbrúar við stóran alþjóðaflugvöll skapar tækifæri fyrir uppbyggingu margháttaðrar þjónustustarfsemi í tengslum við flug og flugsækna starfsemi. Keflavíkurflugvöllur hefur á að skipa mun umfangsmeiri umferð en almennt tíðkast fyrir flugvelli í jafn litlum samfélögum og raunin er á Íslandi. Þannig er flogið með reglubundnu flugi til tæplega 50 áfangastaða árið um kring, en almennt mætti búast við að 300 þúsund manna samfélag gæti státað af einum til tveimur áfangastöðum.

„Þetta veitir mikil tækifæri til uppbyggingar í kringum flugvöllinn, ekki síst í starfsemi sem tengist flugi yfir Atlantshafið, hvort heldur er í formi fraktflutninga eða þess hagræðis sem skapast af því að staðsetja starfsemi á vel tengdum stað við allar helstu borgir Evrópu og austurstrandar Bandaríkjanna,“ segir Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, Kadeco.

„Rannsóknir bæði í Evrópu og Bandaríkjunum sýna að 10% aukning í flugtengingum leiði til 0,5% aukningar í hagvexti. Fyrir hverja milljón farþega skapast um 1.000 bein störf á flugvellinum. Reynslan hérlendis sýnir að þessar tölur eiga jafnt við hér sem í öðrum heimshlutum. Það er athyglisvert að samkvæmt tölunum skiptir ekki öllu máli hvort farþeginn kemur inn til landsins eða ekki, heldur er virðið fólgið í tengingunum. Stærstur hluti ábatans verður til sem hvataáhrif í ótengdum greinum. Áhrif ferðaþjónustu hafa verið hverjum manni ljós á undanförnum árum. En tækifærin sem skapast til að laða að hávirðisstarfsemi nálægt flugvellinum og þau áhrif sem verða á innlent viðskiptalíf eru enn verðmætari.

Samkvæmt skýrslu Nordregio um framtíðarhorfur svæða á Norðurlöndum frá janúar 2016 eru svæði við vel tengda flugvelli með sérstaklega góða framtíðarmöguleika. Suðurnesin fluttust upp um þrjú sæti á lista yfir bestu framtíðarhorfur, eitt svæða á Íslandi, sökum þessara möguleika,“ segir Kjartan.



Á meðal þeirra sem hafa komið sér fyrir við flugvöllinn er örþörungaverksmiðjan Algalíf.

### Jákvæð áhrif á svæðinu

„Strax frá stofnun Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar var tekið til við að greina hvernig hægt væri að byggja svæðið upp að nýju og skapa þá eftirspurn sem myndi leiða til jákvæðra áhrifa. Sérstaklega var skoðað til hvaða hugmynda væri almennt gripið þegar herstöðvar væru lagðar niður í Evrópu og Ameríku. En fljótlega kom í ljós að það var í raun flugvöllurinn sem skilgreindi svæðið frekar en niðurlagning herstöðvarinnar sem slíkrar,“ útskýrir Kjartan.

„Hér á landi hefur athyglin aðallega beinst að ferðamönnum en reynslan erlendis sýnir að ferðaþjónusta er aðeins einn hluti af efnahagslegum áhrifum flugvalla. Annað dæmi um áhrif flugvallarins er vægi hans í starfsemi þjónustufyrirtækja á alþjóðamarkaði. Þannig nýta til dæmis gagnaverin á Ásbrú sér að vera í bakgarði flugvallarins í starfi sínu. Erlendir viðskiptamenn og sérfræðingar fljúga inn að morgni og til baka seinni partinn án nokkurra vandkvæða. Það er jafnvel styttra frá stórborgum Evrópu til Ásbrúar í ferðatíma talið en ákveðinna svæða innan eigin landa viðskiptavinanna. Þannig er staðsetning við flugvöllinn að mörgu leyti samkeppnishæf við mörg svæði erlendis, jafnvel þótt fjarlægðin í kílómetrum gefi annað til kynna. Fjarlægðin í tíma einfaldlega vegur hana upp,“ segir Kjartan og bætir við að þetta sé þróun sem sjá megi á vel tengdum flugvöllum erlendis þar sem alþjóðleg fyrirtæki kjósa að staðsetja skrifstofur sínar og starfsemi til þess að draga úr ferðatíma.

> **Fyrir hverja milljón farþega skapast um 1.000 bein störf á flugvellinum. Reynslan hérlendis sýnir að þessar tölur eiga jafnt við hér sem í öðrum heimshlutum.**



### Margir möguleikar

„Þetta eru mjög verðmætir farþegar, hvort heldur sem er fyrir flugfélögin, hótelin, flugvöllinn eða svæðið við flugvöllinn. „Hér á landi má sjá fyrir sér frekari tækifæri til slíkrar þróunar út frá því virði sem hlýst af staðsetningu Íslands og tengingum á milli tveggja heimsálfa. Með daglegu flugi til helstu borga Evrópu annars vegar og sterkra viðskiptaborga í Bandaríkjunum hins vegar er í vissum tilfellum hægt að nýta tímann betur þar sem heildarferðatíminn er styttri. Komi til tengingar við sterkar borgir í Asíu verða möguleikarnir enn meiri.

Sú staðreynd að þau níu flugfélög sem nota völlinn árið um kring fljúga jafn oft og til jafn margra áfangastaða og raun ber vitni gerir útflutningsaðilum kleift að ná til viðskiptavina sinna á mjög skömmum tíma. Þannig er fiskurinn kominn á disk neytandans innan við tveimur sólarhringum frá því að hann er veiddur á miðunum við Ísland. Þeir framleiðendur sem eru staðsettir nálægt flugvellinum geta jafnvel sniðið framleiðsluna að pöntun kaupandans að morgni og varan er farin í flug seinni partinn. Ferskfiskútflutningur fer að stóru leyti fram í lestum farþegaflugvéla. Nýleg skýrsla, sem unnin var af hagfræðingum Sjávarklasans, sýnir hvernig vinnsla á botnfiski er í sífellt auknum mæli að færast á suðvesturhornið, nær flugvellinum og Sundahöfn. Þetta kemur líka fram þegar skoðuð eru þau fiskvinnslufyrirtæki sem eru með starfsemi hér á Suðurnesjum, að þau eru mörg sem byggð eru á því að flytja ferskan fisk með flugi.




Stærstur hluti ábatans verður í ótengdum greinum.

### Mörg tækifæri

Meðhöndlun annarrar ferskvöru er að sjálfsögðu byggð á sömu lögmálum og fiskútflutningurinn. Það eru því mögulega tækifæri til þess að útvíkka þennan geira enn frekar, þá ekki síst út frá dreifingarmöguleikum. Ef varan hefur stutt hillulíf, er ekki víst að siglingar á milli Íslands eða Evrópu annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar séu raunhæfur valkostur,“ útskýrir Kjartan.

„Flugfélögin hafa verið að bæta við áfangastöðum á vesturströnd Bandaríkjanna. Það hefur leitt til þess að skyndilega eru nýir markaðir orðnir aðgengilegir. Það þarf því ekki að koma á óvart að íslenskir fiskútflytjendur eru farnir að selja fisk til vesturstrandarinnar. Tækifærin fyrir íslenskan þekkingariðnað eru þó líklega enn meiri, enda helstu vöggu tæknialdarinnar að finna á meðal áfangastaða frá Keflavíkurflugvelli. Í alþjóðlegu samhengi, eru flugvellir helstu tengipunktar nútímans og af auknum umsvifum við þá skapast aukin efnahagsleg umsvif,“ segir Kjartan.

Nánar má kynna sér starfsemi Kadeco á heimasíðunni www.kadeco.is

# Listahátíð barnanna undirbúin

Undirbúningur Listahátíðar barna í Reykjanesbæ er í fullum gangi. Hátíðin verður sett 4. maí með pompi og prakt og stendur yfir í 2-3 vikur. Hún er einn vinsælasti viðburður ársins í bænum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Listahátíð barnanna er mjög stór viðburður í bænum og í ár er hún haldin í tólfta sinn. Þetta byrjaði allt árið 2006 með því að einn lítill leikskóli ætlaði að halda litla listahátíð fyrir foreldra barnanna í Duus-húsunum, sem eru lista- og menningarhúsin okkar. Við tókum þessa hugmynd og þróuðum hana áfram. Smátt og smátt bættust við fleiri leikskólar og núna er staðan þannig að allir leikskólarnir tíu, allir sex grunnskólarnir, listnámsbrautin við fjölbrautaskólann, dansskólarnir tveir og tónlistarskólinn taka þátt í hátíðinni," segir Guðlaug María Lewis, fræðslufulltrúi menningarmála og verkefnisstjóri hátíðarinnar í Reykjanesbæ.

## Þema ákveðið að hausti

Að hausti er þema ákveðið fyrir listahátíðina til að vinna út frá, líkt og gert var strax í upphafi, að sögn Guðlaugar. „Við höfum verið með alls kyns þema í gegnum árin, eins og hafið og himininn, afmæli, sögur og ævintýri og tröllin og fjöllin. Í ár er þemað Dýrin mín stór og smá. Á hátíðinni hafa grunnskólanemendur sýnt úrval úr list- og verkgreinum en öll Duus-húsin hafa verið lögð undir listahátíðina. Leikskólabörnin hafa búið til veröld úr stórum skúlptúrum og lýsing og hljóð eru notuð til að skapa rétta stemninguna. Gestir ganga því inn í töfraveröld."

## Vinsælasta sýning ársins

Sýningin stendur yfir í tvær til þrjár vikur og er alltaf mjög vel sótt, enda lífgar hún mikið upp á bæinn og skapar góða stemningu. „Sýningin í Duus-húsunum er sú allra vinsælasta yfir árið og við fáum á milli þrjú og fjögur þúsund gesti. Þessi hátíð snertir nánast allar fjölskyldur í bænum," upplýsir Guðlaug. „Svo höfum við spunnið í kringum þetta dag fyrir fjölskylduna. Þar er boðið upp á listasmiðjur og ýmislegt tengt þessu."



Skessan í hellinum tekur á móti gestum og gangandi.



Í kringum listahátíðina hafa skapast margs konar spennandi verkefni.



„Þetta byrjaði allt árið 2006 með því að einn lítill leikskóli ætlaði að halda litla listahátíð fyrir foreldra barnanna í Duus-húsunum," segir Guðlaug.

> Þetta byrjaði með því að lítill leikskóli ætlaði að halda listahátíð.
> Guðlaug María Lewis

## Hæfileikahátíð í Stapanum

Í kringum listahátíðina hafa skapast margs konar spennandi verkefni. Eitt þeirra er hæfileikahátíð grunnskólanna sem í ár verður haldin þann 5. maí í Stapanum. Þar verður sýnt úrval úr árshátíðaratriðum úr öllum grunnskólum bæjarins.

Annað verkefni snýr að samtvinnun tónlistar og myndlistar. „Eftir að Hafliði Hallgrímsson, tónskáld og myndlistarmaður, færði Listasafni Reykjanesbæjar rúmlega 20 verk, hafa nemendur úr tónlistarskólanum og myndlistarnemar úr grunnskólunum unnið út frá þessum verkum. Þeir spila út frá myndlistinni og mála verk út frá tónlistinni. Úr þessu verður skemmtilegur gjörningur sem fluttur verður á hátíðinni. Í raun má segja að hátíðin snerti flestar fjölskyldur í bænum þar sem leikskólabörn bæjarins, flest grunnskólabörnin og einnig eldri nemendur eru beinir þátttakendur í listahátíðinni," segir Guðlaug.

# Gott að búa með börn í sveitarfélaginu Garði

Fagleg þjónusta við íbúa, góðir leik- og grunnskólar og fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarfsemi er í fyrirrúmi hjá sveitarfélaginu Garði.

> Garður er bær þar sem gott er að búa með börn. Hér búa um fimmtán hundruð manns og öll grunnþjónusta er til staðar.
> Magnús Stefánsson bæjarstjóri



Garður er bær þar sem gott er að búa með börn. Hér búa um fimmtán hundruð manns og öll grunnþjónusta er til staðar. Í leikskólanum eru um 90 börn og um 210 nemendur í grunnskólanum. Svo er Fjölbrautaskóli Suðurnesja í næsta nágrenni. Íbúum hefur fjölgað um sex prósent á einu ári og sveitarfélagið er að vinna í að auka framboð á íbúðalóðum. Við finnum þegar fyrir aukinni eftirspurn eftir lóðum," segir Magnús Stefánsson bæjarstjóri.

## Gott íþrótta- og menningarlíf

Í Garði er lögð mikil áhersla á gott íþrótta- og menningarlíf. „Hér er mjög fín íþróttamiðstöð með góðri aðstöðu fyrir íþróttir og tómstundir barna og fullorðinna. Íþróttamiðstöðin er fullbúið íþróttahús fyrir alla íþróttaiðkun og keppt er í íþróttagreinum á borð við körfubolta, fótbolta og handbolta, þá er fullbúin og glæsileg líkamsræktarstöð. Sundlaugin hér í Garði er 25 metra löng með heitum pottum, vaðlaug, gufubaði, flottri rennibraut og góðri aðstöðu til sólbaða," segir Magnús.

Á Byggðasafninu við Garðskaga er áhugavert safn muna sem tengjast lífi og störfum Garðbúa í gegnum tíðina. Þá er gaman að heimsækja Unuhús, sem er gamla heimili Unu í Garði en því er haldið við eins og hún skildi við það. Garðskaginn er mikil náttúruparadís og fegurðin óviðjafnanleg. Sólsetrið töfrar marga og á kvöldin yfir veturinn má oft sjá norðurljós. Að sögn Magnúsar koma margir gestir gagngert til að skoða norðurljósin.



Íbúum í Garði hefur fjölgað um 6% á einu ári og sveitarfélagið er að vinna í að auka framboð á íbúðalóðum.

## Fjölbreytni í atvinnulífi

Sjávarútvegur er mikilvæg atvinnugrein í Garði og margir sem byggja afkomu sína á honum. „Suðurnesin eru eitt atvinnusvæði. Fólk sækir vinnu á flugvöllinn, í Sandgerði, til Keflavíkur og á höfuðborgarsvæðið. Ferðaþjónustan er að sækja í sig veðrið en hingað koma um 200 þúsund gestir á ári og nóg pláss fyrir fleiri. Hér er hótel í byggingu, Hotel Lighthouse Inn, sem verður opnað í maí. Svo er verið að byggja upp afþreyingarþjónustu á Garðskaga. Á sumrin er starfrækt kaffihús í Gamla vitanum sem var byggður árið 1897 og er næstelsti viti landsins. Í nýja vitanum, frá 1944, verða margs konar sýningar," upplýsir Magnús.

Tjaldsvæði er á Garðskaga, en þar er einnig veitingahúsið Röst.

# Framþróunarskref á heimsvísu

## Síðasta ár var viðburðaríkt hjá HS Orku, djúpborunarverkefnið, flutningar höfuðstöðvanna og niðurstöður í gerðardómsmáli. Fram undan er vöxtur Auðlindagarðsins og aukin orkuframleiðsla.

Djúpborunarverkefnið er einstakt á heimsvísu en það hefur aldrei verið borað svona djúpt á háhitasvæði áður, 4.650 metra. Allur jarðhitaheimurinn fylgist með og við erum afar stolt af því að hafa tekist þetta verkefni. Þetta gæti þýtt verulegt framþróunarskref fyrir jarðhitaiðnaðinn á heimsvísu,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku.

„Málið snýst um hvort hægt sé að bora djúpholur sem eru öflugri en hefðbundnar holur og framleiða þar orku með minni umhverfisáhrifum og lægri kostnaði. Hefðbundnar holur gefa af sér 5 til 10 megavött en djúpholur gætu gefið 30 til 50 megavött. Fyrir sömu orkuvinnslu þarf því færri holur, umhverfisáhrifin verða minni og kostnaðurinn lægri,“ segir Ásgeir.

### Langur aðdragandi

Uppruna djúpholuverkefnisins má rekja til aldamóta þegar forvitnin rak sérfræðinga Hitaveitu Suðurnesja til að kanna hvað liggur undir þeim jarðhitakerfum sem unnið er með í dag en hefðbundið er að bora á 2.000 til 3.000 metra dýpi. Stofnað var til samstarfs um Íslenska djúpborunarverkefnið, IDDP, og var fyrsta holan boruð í Kröflu árið 2009 af Landsvirkjun. Sú tilraun gaf merkilegar vísbendingar en á 2.100 metra dýpi var komið niður á kvikuhólf. Holan var því gríðarlega heit og öflug en tæknilega tókst ekki að nýta holuna til langs tíma.

HS Orka réðst þá í borun IDDP2 og nýtti til þess 2.500 metra djúpa holu á Reykjanesi sem var í vinnslu. Markið var sett á 5.000 metra dýpi og yfir 400 gráðu hita. Verktaki var Jarðboranir og til verksins var notaður þeirra stærsti bor, Þór, en hann er rafknúinn og því umhverfisvænn. Verkinu lauk í janúar, á áætlun og með tilætluðum árangri.

„Þetta var gríðarlegt afrek og afar flókið verk,“ segir Ásgeir. „Við boruðum niður á 4.650 metra dýpi og höfum þegar mælt 427 stiga hita í holunni og háan þrýsting. Á næsta ári verður hægt að rannsaka holuna. Við komumst að raun um að þarna undir er ekki bara þétt berg heldur djúplægt jarðhitakerfi. Hversu mikið það mun gefa okkur í framtíðinni á eftir að koma í ljós.“

Ásgeir segir djúpholuna á Reykjanesi einungis fyrsta áfanga í miklu framfaraverkefni. Gríðarleg verkfræði- og vísindavinna liggi að baki og fjölmargir aðilar komu að verkinu með bæði fjármagn og þekkingu. „Íslenska djúpborunarverkefnið er samstarf HS Orku, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar og Statoil. Þar að auki hafa Evrópusambandið og alþjóðlegir vísindasjóðir styrkt rannsóknir í verkinu. Þá eru samstarfsaðilar í tæknilegum þáttum í undirbúningi og framkvæmd verksins fjölmargir.“

### Höfuðstöðvar í Svartsengi

HS Orka hefur flutt höfuðstöðvar sínar í Eldborg í Svartsengi. Flutningarnir eiga sér nokkurra ára aðdraganda eða frá því lögum um orkufyrirtæki var breytt upp úr aldamótum svo ekki var lengur leyfilegt að fyrirtæki störfuðu í framleiðslu, flutningi, dreifingu og sölu á raforku. „Þessi lög tóku gildi 1. janúar 2014 en áttu upphaflega að taka gildi um mitt ár 2009. Strax þá var Hitaveitu Suðurnesja skipt í HS Orku annars vegar og HS Veitur hins vegar,“ útskýrir Ásgeir. „Við bjuggum til að byrja með öll á sama stað og sama starfsfólkið rak bæði fyrirtæki. Næst var eignarhaldið aðskilið og síðasta skrefið voru flutningar HS Orku í Svartsengi. Nú erum við í hjarta okkar starfsemi, við orkuverið og í Auðlindagarðinum og líður afar vel hér. Sextíu manns starfa hjá HS Orku en í Auðlindagarðinum starfa hátt í þúsund manns.“



Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku. MYNDIR/HS ORKA



Auðlindagarðurinn samanstendur af ólíkum fyrirtækjum sem nýta það sem fellur frá orkuverinu. Bláa lónið er þeirra stærst.

> Staðreyndin er sú að það er vöntun á orku á landinu. Það er okkar hlutverk að útvega hana, en annarra að ákveða í hvað hún er notuð. Samhliða þarf að tryggja að orkuflutningskerfið geti þjónað landinu öllu og afhent orku með tilhlýðilegu öryggi.



Djúpborunarverkefnið er einstakt á heimsvísu.

### Auðlindagarðurinn

Auðlindagarðurinn samanstendur af fyrirtækjum sem starfa í nálægð við orkuverin og nýta það sem kemur úr starfsemi þeirra, auk rafmagns og heits vatns, svo sem gas, gufu, sjó eða jarðsjó. Þetta eru fyrirtæki í ferðaþjónustu, snyrtivöruframleiðslu, eldneytisframleiðslu og matvælaframleiðslu. Ásgeir segir stöðuga framþróun eiga sér stað í Auðlindagarðinum.

„Stærsta og þekktasta dæmið er Bláa lónið og þar er einnig verið að byggja nýjan baðstað og nýtt hótel til viðbótar. Við hliðina á HS Orku er Northern Light Inn hótel, eldsneytisverksmiðja CRI sem framleiðir metanól og ORF líftækni sem nýtir okkar afurðir til snyrtivöruframleiðslu. Úti á Reykjanesi eru tvö fyrirtæki sem nýta varma frá HS Orku til fiskþurrkunar og þar er einnig fiskeldisfyrirtækið Stolt Sea Farm sem ræktar hlýsjávarfisk í volgum sjó frá okkur. Nú er einnig verið að byggja fiskeldi sem mun nýta varma frá Svartsengi og áform eru um verksmiðju á Reykjanesi sem mun nýta fiskroð til að framleiða collagen í húðvörur. Í Svartsengi er verið að byggja verksmiðju sem hreinsar koltvísýring úr gufunni og gerir að söluvöru frekar en að sleppa koltvísýringnum út í andrúmsloftið. Úti á Reykjanesi eru gerðar tilraunir með að hreinsa kísil úr jarðsjónum og framleiða kísilduft sem nota má við framleiðslu á málningu, gúmmíi, snyrtivörum og fleiru. Einnig er verið að rannsaka hvort vinna megi liþíum úr jarðsjónum á Reykjanesi en liþíum er meðal annars notað í rafhlöður. Þá vitum við að í jarðsjónum á Reykjanesi eru eðalmálmar, eins og gull og silfur, en við höfum ekki enn þá fundið leiðina til að hreinsa þá úr og nýta,“ segir Ásgeir.

### Gerðardómur fallinn

Nýlega féll gerðardómur í máli HS Orku gegn Norðuráli Helguvík um orkusölusamning til álvers í Helguvík. Samningurinn er ekki lengur gildur vegna brostinna forsendna.

„Frá árinu 2007 hafði verið í gangi vinna í að afla orku til álvers í Helguvík. Eftir hrun fór menn þó að gruna að dæmið gengi ekki upp. Í gildi var orkusölusamningur háður fyrirvörum beggja aðila og ákveðnum takmörkum og markmiðum þurfti að ná til að aflétta fyrirvörunum á samningnum. Það tókst aldrei, álverið hefur ekki verið byggt og virkjanirnar aldrei verið byggðar,“ útskýrir Ásgeir. „Forsendur hafa ekki náðst, ekki er fyrirséð að þær muni nást og dómurinn dæmdi þannig. Það er engum um að kenna, verkefnið einfaldlega tókst ekki vegna þess að heimurinn fór á hvolf 2008, fjármálaheimurinn hrundi, hráefnisverð breyttist og dæmið gekk ekki upp. Samningurinn er því ekki lengur í gildi og við það losnar HS Orka við mikla óvissu um það hvert við þyrftum að selja nýja orku sem hugsanlega yrði til.

Það er orðinn ansi þungur baggi að fá leyfi fyrir framkvæmdum á Íslandi. Auðvitað þarf að vanda til verka og allt sem við gerum hefur áhrif á umhverfið. En ferlin í kringum öll verkefni verða sífellt flóknari, tímafrekari og kostnaðarsamari. Við erum ekki að segja að það eigi ekki að gera allar þessar kröfur. En við teljum að það megi einfalda og bæta þessi ferli. Horfa verður til þess að orkuvinnsla og orkuflutningur geti þróast eðlilega í takti við þarfir samfélagsins.“

### Horft til framtíðar

Fram undan er frekari vöxtur á jarðhitavinnslu á Reykjanesskaganum, á Reykjanesi, í Eldvörpum og í Krísuvík hjá HS Orku. Þá skoðar fyrirtækið einnig kosti í vatnsaflsvirkjunum m.a. í Árnessýslu og vestur á fjörðum og kosti í vindorku. Ásgeir segir HS Orku bregðast við aukinni orkuþörf.

„Staðreyndin er sú að það er vöntun á orku á landinu. Það er okkar hlutverk að útvega hana, en annarra að ákveða í hvað hún er notuð,“ segir Ásgeir. „Samhliða þarf að tryggja að orkuflutningskerfið geti þjónað landinu öllu og afhent orku með tilhlýðilegu öryggi“.

HS Orka er að hefja framkvæmdir í sumar við litla vatnsaflsvirkjun í Árnessýslu og þá er undirbúningsvinna í gangi fyrir framkvæmdir á Vestfjörðum sem gætu hafist á næsta ári. Vindorkan er í skoðun en talsverð andstaða er við þess lags virkjanir hér á landi. Hún skýrist meðal annars, að mati Ásgeirs, af því að erlendis eru vindmyllur reistar til að losna við óhreina orkuvinnslu, svo sem kjarnorku eða bruna á olíu, kolum eða gasi. „Hér á landi er öll orka hrein í formi vatnsafls og jarðvarma. Vindmyllur þykja einnig háværar og sjónmengun af þeim og í einhverra augum eru hinir tveir kostirnir, vatnsaflið og jarðvarmi, betri. Ég er hins vegar sannfærður um að virkjun vindorku á eftir að aukast á Íslandi og getur verið hagkvæm með hinum kostunum að einhverju marki.“

# Gott samfélag í Grindavík

**Grindavík er fallegur og fjölskylduvænn bær sem býður upp á góða þjónustu við bæjarbúa á öllum aldri, fjölbreytt atvinnulíf og nálægð við margar gullfallegar náttúruperlur.**

Eggert Sólberg Jónsson býr í Grindavík ásamt eiginkonu sinni og tveimur börnum. Hann stýrir Reykjanes UNESCO Global Geopark sem er samstarfsverkefni sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum auk stofnana og fyrirtækja á Suðurnesjum. Hann segir mjög gott að búa í Grindavík, bærinn sé fjölskylduvænn, stutt sé í alla þjónustu og margar náttúruperlur. Aukinn ferðamannastraumur til landsins hefur líka haft jákvæð áhrif á atvinnulíf bæjarins. „Samfélagið og mannlífið hér í Grindavík er einstakt. Það er fjölbreytt en á sama tíma samheldið. Vonandi berum við gæfu til þess að halda í þennan staðaranda á næstu árum samhliða aukinni uppbyggingu og fjölgun íbúa. Hér er tekið vel á móti nýjum íbúum og það get ég staðfest enda flutti ég hingað árið 2010 og leið strax einstaklega vel.“

Einn helsti kostur Grindavíkur að sögn Eggerts er hversu stutt er í alla þjónustu. „Tveggja ára dóttir mín er mjög ánægð hjá dagmömmum sínum og fimm ára sonur minn hlakkar til að mæta í leikskólann á hverjum degi. Grindavík er líka íþróttabær en dóttir mín mætir vikulega í íþróttaskóla á meðan strákurinn er farinn að æfa körfubolta og fótbolta. Það er mjög gott að vera með börn á skólaaldri í Grindavík. Ánægja með skólana er mikil og æfingagjöld eru með því lægsta sem gerist.“



Lífleg dagskrá við höfnina. MYNDIR/SIGGEIR F. ÆVARSSON

### Fjölbreytt atvinnulíf

Í Grindavík eru einnig traust og öflug fyrirtæki sem standa vel að sögn Eggerts, auk þess sem nýir sprotar eru í vexti. „Á síðustu árum hefur farið fram mikil uppbygging á innviðum samfélagsins og enn frekari uppbygging er fyrirhuguð enda stendur sveitarfélagið vel. Við sem búum hér njótum líka góðs af auknum fjölda ferðamanna. Í dag eru t.d. tíu veitingastaðir í Grindavík og viðburðir allt árið af ýmsum toga.“

Grindavík er hluti af stóru atvinnusvæði og margir íbúar bæjarins sækja vinnu eða skóla á höfuðborgarsvæðinu eða í Reykjanesbæ. „Sjálfur starfa ég einmitt í Reykjanesbæ. Það tekur mig ekki nema 15-20 mínútur að keyra í vinnuna sem er styttri tími en margir á höfuðborgarsvæðinu þekkja.“

> **Samfélagið og mannlífið hér í Grindavík er einstakt. Það er fjölbreytt en á sama tíma samheldið.**
>
> Eggert Sólberg Jónsson





Ungir bæjarbúar hafa nóg fyrir stafni í Grindavík.

Grindavík er hluti af Reykjanes UNESCO Global Geopark eins og önnur sveitarfélög á Suðurnesjum. „Þar er unnið markvisst í umhverfisfræðslu og að því að byggja upp aðstöðu við áhugaverða staði, merkja gönguleiðir o.s.frv. Við búum í göngufæri við Hópsnes, Þorbjörn og Selskóg, nokkur af útivistarsvæðum okkar Grindvíkinga. Þangað liggja góðir hjóla- og göngustígar.“

Þá er stutt í aðra útivist sem hentar öllum aldurshópum, s.s. vel merktar gönguleiðir. „Við hjónin höfum t.d. tekið bæði börnin með okkur í stuttar gönguferðir á fjöll í nágrenninu. Með því styrkjum við umhverfisvitund þeirra og þau læra um nágrenni sitt.“




# Hafnir eru best geymda leyndarmálið á Reykjanesi



Elíza Geirsdóttir Newman tónlistarkona býr í Höfnum en er uppalin í Keflavík. Hún segir hér frá sínum uppáhaldsstöðum á Reykjanesi.

**Besti veitingastaðurinn:** Café Duus er með flottan mat og líka Soho Catering og svo er Bryggjan í Grindavík með frábæra humarsúpu og eðalstemmingu.

**Besta sundlaugin:** Vatnaveröld í Reykjanesbæ, bæði inni- og útilaugar og frábær barnalaug fyrir yngstu kynslóðina.

**Áhugaverðasta safnið:** Rokksafn Íslands auðvitað!



Keilir er fallegasta fjallið á Reykjanesi að mati Elízu. MYND/VILHELM

**Flottasta náttúrufyrirbrigðið:** Svo margt fallegt á Reykjanesinu en Sandvík er æðisleg.

**Fallegasta fjallið:** Keilir er fjallið okkar á Reykjanesinu.

**Besta afþreyingin:** Göngutúrar meðfram fjörunni í Höfnum og úti á Garðskaga.

**Best geymda leyndarmálið:** Hafnir eru best geymda leyndarmálið, týnda og fallega þorpið á leiðinni út á Reykjanes.








„Hér verða ævintýrin til“

**Sigurður Stefánsson,**
**hjá Köfunarþjónustu Sigurðar í Reykjanesbæ.**

**Hann hefur unnið að mörgum af stærstu Hollywood-myndum sem teknar hafa verið upp hér á landi.**





VIÐ HÖFUM
GÓÐA SÖGU
AÐ SEGJA

REYKJANES



# VELKOMIN
## TIL GRINDAVÍKUR

- FJÖLBREYTT AFÞREYING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
- SUNDLAUG OG GLÆSILEGT TJALDSVÆÐI
- GÖNGULEIÐIR VIÐ ALLRA HÆFI Í STÓRBROTINNI NÁTTÚRU
- FRÁBÆRT ÚRVAL VEITINGASTAÐA BÍÐA YKKAR Í GRINDAVÍK

***VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR!***














GRINDAVÍKURBÆR
www.grindavik.is


BARKING HEADS
MEOWING HEADS
BARKING HEADS
"puppy days" grain free
BARKING HEADS
"turkey delight"
DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín
Dýrabær • Smáralind • Kringlan • Krossmói Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is

# Gæðavörur fyrir gæludýrin

## Í Garðheimum er glæsileg gæludýraverslun sem selur eingöngu gæðafóður fyrir gæludýrin. Þar er hægt að finna allt sem dýrin vantar.

Emil Húni Bjarnason, deildarstjóri gæludýradeildar Garðheima, segir að dýraeigendur þurfi ekki að leita annað. „Við erum með mjög gott úrval fyrir hunda- og kattaeigendur. Einnig erum við með gott fóður fyrir nagdýr, páfagauka og fiska,“ segir hann. Emil segist leggja áherslu á persónulega þjónustu og ráðgjöf. „Oft er fólk í vandræðum með hvað hentar dýrinu og við aðstoðum við valið. Það getur til dæmis verið mjög mismunandi hvaða tegund af fóðri er heppileg,“ segir hann.

„Við höfum lengi verið starfandi og vitum hverju dýraeigendur eru að leita eftir. Við sérhæfum okkur í köttum og hundum og bjóðum mikið úrval af alls kyns fóðri. Meðal þess er íslenskt hráfóður frá Hundahreysti sem er nýjung á markaðnum. Við höfum heyrt að hundar sem vilja ekki þurrfóður eða eru gikkir þegar kemur að mat borða nær undantekningarlaust hráfóðrið. Þetta fóður er unnið úr íslensku kjöti og í það hefur verið bætt vítamínum og steinefnum sem hundurinn þarf á að halda. Engin óþarfa aukaefni,“ útskýrir Emil. „Þetta er gæðamatur fyrir hunda og hentar öllum stærðum og gerðum.“

Emil segir að dýraeigendur geri orðið miklar kröfur um gott fóður fyrir dýrin sín. „Hér í Garðheimum erum við með breiða línu af fóðri. Meðal þess sem við bjóðum er fóður fyrir viðkvæma hunda,




Emil Húni Bjarnason, deildarstjóri Gæludýralands í Garðheimum. MYNDIR/EYÞÓR

> Oft er fólk í vandræðum með hvað hentar dýrinu og við aðstoðum við valið. Það getur til dæmis verið mjög mismunandi hvaða tegund af fóðri er heppileg.
>
> Emil Húni Bjarnason

hvort sem það er feldurinn eða meltingin. Við getum í raun sinnt öllum. Það sama á við um kattafóður. Mjög mikilvægt er að finna rétt fóður fyrir dýrið til að koma í veg fyrir offitu eða ýmsa kvilla,“ segir Emil og bendir á að Garðheimar bjóði upp á breiða línu af gæðafóðri. „Við erum með Royal Canin, Belcando, Nordic Gold, Brit, Arden Grange, Pro Plam, Hills ásamt mörgum fleirum auk ýmissa bætiefna. Dýrafóður er til á mismunandi verði,“ segir Emil Húni og bætir við að einnig sé í boði úrval af sjampói og olíum fyrir dýrin.

„Hér er afslöppuð stemning og gott að koma. Lögð er áhersla á að sinna öllum viðskiptavinum, meðal annars með löngum opnunartíma en búðin er opin til kl. 21 öll kvöld.

# Kisustyttur og páskaskraut

## Páskabasar Kattholts verður haldinn á morgun. Þar geta kisuvinir gert góð kaup og styrkt starfsemina í leiðinni. Meira en 40 kisur eru hverju sinni í Kattholti að bíða eftir nýju heimili.

Kattavinafélag Íslands heldur páskabasar á morgun í húsnæði Kattholts við Stangarhyl 2 og standa herlegheitin yfir frá klukkan 11-16. „Páskabasarinn er árlegur viðburður hjá okkur í Kattholti. Þar verða fallegir munir til sölu, eins og páskaskraut, kisudót, kisustyttur og margt fleira, að ógleymdri kökusölunni með tertum, brauði og hvers kyns kruðeríi,“ segir Halldóra Björg Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri og formaður Kattavinafélagsins.

„Við höldum alltaf basar fyrir páska og jól en þetta er okkar fjáröflunarleið og gefur okkur tekjur inn í reksturinn, sem er ómetanlegt. Margir kisuvinir gefa okkur fallega muni til að selja og síðan eru margir sem baka kökur og kræsingar til að styrkja okkur.“

Hlutir sem tengjast köttum á einhvern hátt eru alltaf eftirsóttir af kattavinum, hvort sem það eru kisustyttur eða bolir með kisumyndum, að sögn Halldóru. „Við vorum að fá glæsilegar könnur, hannaðar og prentaðar af kisuvinum og þær verða líka til sölu. Nokkrar yndislegar kisur, sem þrá að eignast ný heimili, taka á móti gestum,“ segir hún.

### 40-50 kisur í heimilisleit

Í Kattholti eru yfirleitt um 40-50 kisur hverju sinni sem eru í heimilisleit. Misjafnt er hversu



„Margir eru kattarvinir og þeir halda þessu gangandi hjá okkur. Það er gott að eiga góða að,“ segir Halldóra. MYND/EYÞÓR

lengi kisur þurfa að bíða eftir nýju heimili, stundum eru það nokkrir mánuðir. „Þetta eru kettir sem finnast á vergangi. Þegar kisurnar koma til okkar byrjum við á að reyna að finna út hvort þær eigi heimili og ef svo er komum við þeim til síns heima. Ef það er ekki



Páskabasarinn er veglegur að vanda. MYND/EYÞÓR

> Fallegir munir verða til sölu, eins og páskaskraut, kisudót, kisustyttur, að ógleymdri kökusölunni með tertum, brauði og kruðeríi.

hægt að finna út úr því reynum við að finna ný heimili fyrir kisurnar,“ segir Halldóra en Kattholt hefur mætt miklum velvilja í samfélaginu. „Margir eru kattavinir og þeir halda þessu gangandi hjá okkur. Það er gott að eiga góða að,“ segir Halldóra.

### Sjúkrasjóður fyrir veikar kisur

Í Kattholt koma iðulega kisur sem eiga enga að og þurfa á dýralæknisþjónustu að halda áður en þær eignast heimili. „Við erum með sjúkrasjóð til að standa straum af slíkum kostnaði. Þeir sem komast ekki á basarinn en vilja gjarnan styrkja starf Kattholts geta gert það á heimasíðunni okkar, www.kattholt.is, með því að skrá sig sem styrktaraðila. Það eru aðeins þrjú þúsund krónur á ári,“ minnir Halldóra á.




# Notaðu skynemina

# **Pedigree fyrir hundinn þinn!**




Björn og Lára í Heimsendaræktun hafa í áratugi helgað sig ræktun og þjálfun hunda. Þau hafa í gegnum árin náð frábærum árangri og meðal annars gefið af sér tugi alþjóðlegra og íslenskra meistara.

Undanfarin 15 ár hafa þau eingöngu fóðrað sína hunda á Pedigree hundafóðri

**Öll næring sem hundurinn þinn þarfnast:** Rétta blandan af næringarefnum sem heldur hundinum þínum heilbrigðum og fullum af orku.

**Heilbrigð húð og glansandi feldur:** Rétta blandan af Omega 3 og 6 fitusýrum gagnast hundinum þannig að honum líði vel og líti vel út.

**Styrkir náttúrulegar varnir:** Vitamín E, andoxunarefni og valin steinefni stuðla að verndun náttúrulegra mótefna hundsins þíns.

**Sterkar tennur og heilbrigt tannhold:** Sérmótaðir stökkir bitar sem halda tönnunum sterkum. Án viðbætts sykurs.

- Enginn viðbættur sykur
- Þróað af dýralæknum
- Engin tilbúin bragðefni

Pedigree hvetur alla hundaeigendur til að virða lög og reglur um hundahald. www.pedigree.is




**Ítalska tónskáldið og píanóleikarinn Ludovico Einaudi verður með tónleika í Eldborgarsal Hörpu þann 17. júlí.**

**Einaudi leikur þar úrval verka af nýjustu plötu sinni „Elements" auk fjölda annarra verka frá hans magnaða tónsmíðaferli.**

**Elements inniheldur tólf hljóðverk þar sem leikið er á píanó, strengjahljóðfæri, slagverk, gítar og rafhljóðfæri. Verkin eru innblásin af frumþáttum náttúrunnar, stærðfræði og vísinda, ólíkum tónlistar stefnum og listaverkum.**

*„Hann er mitt á milli hafta klassískrar tónlistar og ákafa poppmelódíunnar."*

The INDEPENDENT

*„Píanisti á Guðs vegum."*

The Daily Telegraph

**MIÐASALA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 11 APRÍL KL.10 Á TIX.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU SÍMA - 528 5050**

PROVENTS tix.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflutningar Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ Í BREIÐHOLTI**
Starfskraftur óskast í bakarí virka daga 13-18:30 og aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára. Því að geta hafið störf 1. maí.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast í sumarafleysingar í bakarí eftir hádegi og annan hvern lau. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**VEITINGARHÚSIÐ HORNIÐ**
Óskar eftir að ráða pizzabakara í 100% starf, verður að geta byrjað strax. Eldri enn 18 ára. Umsóknir og ferilskrá má senda á: hornid@hornid.is

Starfskraft vantar í Sauðburð æskilegt að viðkomandi gæti unnið inniverk með Uppl. í s. 487 4791 864 2146

Óskum eftir að ráða verkamenn og múrara sem fyrst. Uppl. sendist á: murogradgjof@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**

**Netfang proventus@proventus.is**

Handlaginn rúmlega sextugur maður með mikla reynslu og þekkingu óskar eftir ca. 50% vinnu. Uppl. í s. 845 2510

## Tilkynningar

## Tilkynningar

Sú sem var völd að aftaná keyrslu á Toyota Corola 98' nr: OK079, föstudaginn 31.mars milli klukkan 13-16 eftir hádegi á Kringlumýrabrautinni við gatnamót Miklubrautar er vinsamlegast beðin um að hafa samband í síma: 8654431.

## Atvinna



**VANTAR ÞIG VINNU?**

Við hjá **Prooptik** leitum að þjónustu-glöðum einstaklingi í 100% sölustarf sem getur hafið störf sem fyrst.

Óskum einnig eftir einstaklingi í sumarafleysingar.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið: **matti@prooptik.is**

prooptik gleraugu

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Hvalárvirkjun í Árneshreppi**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Vesturverks er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

## Skemmtanir




HAPPY HOUR
alla föstudaga
16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 8. apríl**
13:50 Stoke City - Liverpool
16:20 Bournemouth - Chelsea

**Sunnudaginn 9. apríl**
12:20 Sunderland - Man.United
14:50 Everton - Leicester City

**Rúnar Þór & Klettar**



spila um helgina,
föstudag kl. 23-02
(opið til 03)
og laugardag kl. 00-03

Allir velkomnir

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

## ÍSAFJARÐARBÆR

### Kynning á skipulagstillögum vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar.

Ísafjarðarbær kynnir breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar. Skipulagstillagan er kynnt á vinnslustigi í samræmi við 4.mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillögurnar verða til sýnis á opnunartíma frá kl.10:00 til 15:00 á bæjarskrifstofum Ísafjarðabæjar að Hafnarstræti 1, Ísafirði og á skrifstofu Verkís, að Hafnarstræti, 1 Ísafirði. Tillögurnar verða jafnframt aðgengilegar á heimasíðu Ísafjarðarbæjar: www.isafjordur.is

Opið hús verður mánudaginn 10. apríl 2017 milli 13:00 og 14:00 á Tæknideild Ísafjarðarbæjar, 4. hæð.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast Skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1, Ísafirði, eða á netfangið axelov@isafjordur.is fyrir 11. apríl 2017.

Vakin er athygli á því að um er að ræða kynningu á vinnslustigi og tillögur verða auglýstar síðar og þá verður gefinn sex vikna frestur til athugasemda.

*Virðingarfyllst,*
*Axel Rodriguez Överby*
*- skipulags- og byggingarfulltrúi*

KRÆKTU ÞÉR Í

# Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

Kl. 8-11
20%
AFSLÁTTUR
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNAR-STÖÐVUM FRUMHERJA ÚT APRÍL 2017




Morgunverð veita 20% afslátt af skoðunargjaldi og gilda frá 8-11 virka morgna. Á sama tíma býðst þér að þiggja gæðakaffibolla og frítt WIFI á meðan skoðunin fer fram.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

## VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAR SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

# Í TILEFNI FERMINGARDAGSINS



**Pioneer**
Hljómtækjastæða

X-EM26-B / Bluetooth stæða / 2x10w

**Verð kr.: 25.900,-**



**Pioneer**
Hljómtækjastæða

X-CM35-K / Bluetooth stæða / 2x15w

**Verð kr.: 44.900,-**

**LÆKKUN!**
með hækkandi sól




**40" KR. 89.900,-**

K6375

FullHD • LED • 1920X1080 • 800 PQI
• Nýtt Smart viðmót • Með gervihnattamóttakara

## BRAUN

Hársnyrtivörur
á fínu verði.





**veho**

ÚTIVISTARMYNDAVÉL
Gæði á betra verði.
Mikið úrval festinga og aukahluta.

**Verð frá kr.: 29.900,-**



**muse**

MEIRIHÁTTAR HLJÓMUR
Bluetooth hátalari sem kemur á óvart, hvort sem er innan- eða útandyra.

**Verð kr.: 9.900,-**



**Skullcandy**
Skull Candy Grind BT
Gæða bluetooth heyrnartól.

**Verð kr.: 11.990,-**



**Skullcandy**
SKS6HBJY-534
Bluetooth SkullCandy,
Hesh 2.0 með Supreme Sound hljómtækni.

**Verð kr.: 11.990,-**



**Pioneer**
SE-MJ771BT-K
Pioneer Bluetooht heyrnartól.
Fully Enclosed Dynamic

**Verð kr.: 24.900,-**



**Pioneer**
SE-MJ503-R
Fully Enclosed Dynamic Headphones. Lengd snúru: 1,2m

**Verð kr.: 4.450,-**

B&O PLAY



Sérhannaður 40mm hátalari í hvoru eyra og smábassakeila framleiða náttúrlegan og ríkan hljóm.

**Verð kr.: 26.000,-**

NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
## ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |


OPIÐ
STÓRIR STRÁKAR FÁ ...



LG 65UH6157
65" Ultra HD
snjallsjónvarp
**149.990 kr**



United LED50X17T2
50" háskerpu
sjónvarp.
**44.990 kr**



OBH Nordica 7101
2000w glæsilegt
heilsugrill.
**9.990 kr**



Indesit LR8S1X
189cm kæliskápur
með frysti, stál.
**49.990 kr**



LG SH2
100w soundbar með
bassahátalara og bluetooth.
**14.990 kr**



Brandt BXP5330X
Vandaður 68 lítra ofn
með sjálfhreinsibúnaði.
**49.990 kr**



Yamaha ISX80
Glæsileg hljómtæki
með geislaspilara.
**29.990 kr**



WMF 0730046040
4ra potta sett fyrir allar
hellur. Glerlok.
**14.990 kr**



LG 55UH770V
55" EISA verðlaunatæki,
2500Hz PMI, Super HDR.
**139.990 kr**



Severin KA5703
Kaffivélin vinsæla
sem sýður vatnið.
**14.990 kr**



Tefal C6959082
28cm og 24cm vandaðar
viðloðunarfríar pönnur.
**6.990 kr**



Kitchenaid 5KSB5080
Seguldrifinn blandari
sem fæst í 7 litum.
**39.990 kr**



Harman kardon Omni10
Bluetooth og WiFi hátalari,
fæst hvítur eða svartur.
**9.990 kr**

# OPNUM LANDIÐ

OPNUNARVERÐ Á VÖLDUM OG VÖNDUÐUM RAFTÆKJUM.
Opið virka daga 10-18, lau. 11-18 og sun. 13-17

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.








# Hvað? Hvenær? Hvar?

# Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** Söngvar sálarinnar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hof, Akureyri
Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari koma fram í Hömrum í Hofi í dag. Fluttir verða ljóðasöngvar eftir Vincenzo Bellini, Gabriel Fauré og Franz Schubert. Þetta eru síðustu hádegistónleikar vetrarins á vegum Tónlistarfélags Akureyrar. Miðaverð er 1.500 krónur og 20 prósenta afsláttur fyrir félaga í Tónlistarfélaginu.

**Hvað?** Tónleikar - Fiðluleikarinn Laufey Jensdóttir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Laufey er einn stofnenda Barokksveitarinnar Brákar og hefur komið fram á tónleikum með fjölmörgum kammerhópum og sveitum svo sem Kammersveit Reykjavíkur, Strengjasveitinni Skarki, Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju, The Okkr Ensemble og Sinfóníuhljómsveit Íslands.


Mið-Ísland er á faraldsfæti og mun gera stans í Keflavík í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Purpendicular
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Purpendicular er eitt vinsælasta Deep Purple tribute band í heimi í dag. Stutt af meðlimum Deep Purple, þeim Ian Paice og Roger Glover, sem hafa einnig komið fram með bandinu og hlaðið það lofi fyrir frábæra tónleika/sýningu. Enn fremur hafa þeir Steve Morse og Don Aire verið gestir á plötum þeirra. Hljómsveitin hélt hér gríðarlega vel heppnaða tónleika 2016 og endurtekur nú leikinn.

**Hvað?** Helena Eyjólfsdóttir – Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Helena mun flytja lög af nýjum sólódiski sínum, sem ber nafnið „Helena“ og kom út fyrir síðustu jól, auk fleiri laga sem fylgt hafa henni í gegn um árin. Sérstakir gestir á tónleikunum verða þau Þorvaldur Halldórsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og hljómsveitina skipa þeir Karl Olgeirsson á píanó og hljómborð, Stefán Már Magnússon á gítar, Sigurður Flosason á saxófón og slagverk, Jón Rafnsson á bassa og Benedikt Brynleifsson á trommur. Miðaverð 4.900 krónur.

**Hvað?** Tónleikar: Kóróna píanótríóa Beethovens
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Tríó Reykjavíkur heldur sína síðustu hádegistónleika á Kjarvalsstöðum á þessu starfsári. Tríóið leikur eitt stórbrotnasta píanótríó tónbókmenntanna, hið svokallaða Erkihertogatríó eftir Ludwig van Beethoven. Tríó Reykjavíkur skipa þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Richard Simm píanóleikari.

**Hvað?** AK X tónleikar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Sjallinn, Akureyri
Fram koma sxsxsx, Cyber, Sturla Atlas, GKR, Ká-Aká og Emmsjé Gauti.

### Viðburðir

**Hvað?** I, Daniel Blake – frumsýning í samstarfi við Pepp-Ísland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Pepp Ísland – Samtök fólks í fátækt og Bíó Paradís, bjóða þingmönnum, fólki í stjórnsýslunni og fjölmiðlum í bíó í kvöld á I, Daniel Blake í leikstjórn hins heimsþekkta leikstjóra Kens Loach. Myndin lýsir raunum fólks af baráttu þess við opinbera kerfið og afhjúpar eitt skelfilegasta mein samfélagsins, fátæktina. Athugið að tekin verða frá sæti fyrir ráðherra og þingmenn, en annars verða sæti í boði svo lengi sem húsrúm leyfir. Eftir sýningu myndarinnar verður efnt til umræðna.

**Hvað?** Fullt minni – Opnun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Sýningarrými Sambands íslenskra myndlistarmanna, Hafnarstræti
Helga Páley Friðþjófsdóttir opnar einkasýningu sína Fullt minni.

**Hvað?** Sýningaropnun | (gisp!)
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Myndasögudeild Borgarbókasafnsins Grófinni, Tryggvagötu
Listamannahópurinn (gisp!) opnar sýningu í myndasögudeild Borgarbókasafnsins í Grófinni, Tryggvagötu 15. Hópurinn sýnir úrval nýjustu myndasagna (gisp!) auk gullmola úr fortíðinni.


Helena Eyjólfsdóttir verður með útgáfutónleika í kvöld.

**Hvað?** Mið-Ísland að eilífu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stapi, Reykjanesbæ
Mið-Ísland-hópurinn leggur nú land undir fót og mun sækja Suðurnesjamenn heim. Þeir Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð eru mættir aftur til leiks og eru með splunkunýtt og brakandi ferskt uppistand. Miðaverð 3.990 krónur.








emmessís
Happís
Fáðu þér nýjan og girnilegan Happís frá
Emmessís, ekta íslenskan rjómaís.
- EKTA -
ÍSLENSKUR
Rjómaís
PIPAR\TBWA • SÍA • 165455




Nýir og stórskemmtilegir þættir fyrir alla fjölskylduna þar sem tvö lið þeysast um Asíu í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum **Audda**, **Sveppa**, **Steinda Jr.** og **Pétri Jóhanni**.

**SPENNANDI**
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**MARTHA & SNOOP'S POTLUCK DINNER PARTY**

Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat.





**GIRL ASLEEP**

Fimmtán ára afmælisdagur Grétu er í nánd og veldur henni miklum áhyggjum því hún vill ekki yfirgefa öryggi æskunnar og stíga inn í flókinn heim fullorðinna. Þegar foreldrar hennar halda henni svo óvænta afmælisveislu gerast skrýtnir hlutir sem fá Grétu til að sjá lífið og tilveruna í nýju ljósi.

**99 HOMES**

Spennumynd

Dennis Nash er á götunni ásamt fjölskyldu sinni eftir að hafa misst heimili sitt vegna kreppunnar. Fyrir röð tilviljana þiggur hann starf hjá manninum sem hirti húsið af þeim og þá verður ekki aftur snúið.



**SLEEPERS**

Frábær spennumynd um fjóra vini sem alast upp í illræmdu hverfi í New York. Aðalhlutverk leika Dustin Hoffman, Robert De Niro, Brad Pitt og Kevin Bacon.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.45 Tommi og Jenni**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 The Restaurant Man**
**11.20 The Goldbergs**
**11.40 The Detour**
**12.05 Lóa Pind: Bara geðveik**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hugh's War on Waste**
